

# FRÉTTABLAÐIÐ

95. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR LAUGARDAGUR 15. MAÍ 2021

## Svona menn þarf að stoppa



**Linda Gunnarsdóttir** kærði fyrrverandi sambýlismann sinn fyrir meiri háttar líkamsárás. Kjarkinn fann hún þegar hún kynntist öðrum konum sem jafnframt lögðu fram kæru á hendur sama manni. Kæru Lindu var vísað frá á þeim grunni að um væri að ræða orð gegn orði og langt væri um liðið. Það var niðurstaða lögreglu, þrátt fyrir að áverkavottorð sýndi átta áverka og meðal annars viðbeinsbrot. > 20



### Blokkir eru bestar

Karl Sævarsson er sérlegur aðdáandi blokka og segir þær klárlega ákjósanlegasta búsetuformið. > 26



### Áhvolfi í vinnunni

Sirkusparið Eyrún og Jóakim verja fjölmörgum vinnustundum á hvolfi og segja það venjast furðu vel. > 18



### Við erum draumadúó

Eygló og Hugleikur frumsýna nýtt samstarf á Hönnunars-Mars. > 24

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

VERTU  
**ÚLFUR**



Yfir **50** uppseldar sýningar!  
Sýningar haustsins nú loks komnar  
í sölu á leikhusid.is

Þjóð  
leik  
húsið





Farþegum hefur snarfækkað síðasta eina og hálfu árið miðað við fyrri ár.

## Farþegum hingað til lands fjölga

thorgrimur@frettabladid.is

**FERÐAMANNAIÐNAÐUR** Aprílmánudur var fyrsti mánuður ársins 2021 þar sem fleiri farþegar fóru um Keflavíkurflugvöll en í fyrra. Kom þetta fram í frétt á vefsíðu Túrista. Fjöldi farþega í apríl nam 18.868, sem er sexföld aukning miðað við farþegafjölda árið 2020.

Árið 2020 var apríl fyrsti heili mánuðurinn þar sem áhrifa Covid-19 gætti á Íslandi eftir að sóttvarnaaðgerðir tóku gildi. Afleiðingar aðgerðanna fólu í sér gríðarlegan samdrátt í tíðni flugferða til og frá landinu.

Kristján Sigurjónsson, ritstjóri Túrista, bendir á, í samtali við Fréttablaðið, að þótt ferðir um Keflavíkurflugvöll hafi verið fleiri síðastliðinn apríl en í fyrra, er enn langt í að sama fjöldi farþega sé náð og fóru um völinn í apríl 2019. Þá fóru 474.519 farþegar um flugstöðina. Kristján segir að varlega verði að túlka þennan samanburð sem merki um bata í ferðamannaíðnaðinum. ■

## Sápukúlur í stóru upplagi



Gríðarstórar sápukúlur hefja stutt ævihlaup sitt á Lækjartorgi í gær. Hin svokallaða Sápukúlusmiðja er verkefni á vegum Reykjavík Tool Library og Verkstæða Borgarbókasafnsins þar sem efnilegir kúlnasmiðir læra inn á merkt listformið og þrifa í leiðinni götur borgarinnar með afar óskilvirkum hætti.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Enginn geðlæknir er lengur við störf hjá ADHD teymi á Landspítalanum

linda@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Gríðarlegur skortur á geðlæknum hefur valdið því að mikill fjöldi fullorðins fólks, 18 ára og eldra, kemst ekki að í ADHD greiningu hjá Landspítalanum fyrr en eftir mjög langan tíma.

„Sá vandi sem einkennir ADHD eykur líkur á öðrum geðröskunum eins og kvíða, depurð og fiknivanda. Þetta er því vissulega slæm staða,“ segir Halldóra Jónsdóttir, yfirlæknir Meðferðareiningar geðrofsjúkdóma hjá Landspítalanum. Bið eftir greiningu þar getur verið yfir þrjú ár.

Geðlæknar hafa undanfarið fært sig yfir í ný geðheilsuteymi heilsgæslunnar. „Eins og staðan er nú er enginn geðlæknir í ADHD teymi Landspítala þannig að teymið



Bið eftir greiningu getur verið yfir þrjú ár.

getur einungis sinnt greiningum, ekki lyfjameðferð, því miður,“ segir hún. Bæði er einnig dýrt og erfitt að komast að hjá geðlæknum á stofu.

„Þetta er alvarleg staða, en við höfum einfaldlega ekki geðlækna til að sinna þessari þjónustu. Það er töluverður fjöldi ungs fólks að sérhæfa sig í geðlækningum en enginn sem klárar námið í bráð,“ segir Halldóra. ■

## Brjótast út úr skelinni sinni

Íslendingar hafa leitað til Improv-skólans til að ná taktinum í mannlegum samskiptum á ný eftir mikla fjarvinnu. Dóra Jóhannsdóttir, stofnandi skólans, segir að margir komi þungir á námskeiðið en það sé stutt í hláturinn.

kristinnpall@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Aukin aðsókn hefur verið á námskeið Improv-skólans undanfarnar vikur, enda styttest í að það sem áður taldist eðlilegt líf hefjist á ný og sóttkví og einangrun heyrir sögunni til.

„Það hefur verið ótrúlega gaman að fylgjast með þessu, að sjá fólk brjótast aftur út úr skelinni sinni,“ segir Dóra Jóhannsdóttir, stofnandi og kennari við skólann, spurð út í aðsóknina.

Í Improv-skólanum er lögð áhersla á ýmis mannleg samskipti og er óhætt að áætla að margir Íslendingar séu heldur óruggari um hvað ræða skuli við kaffivélina í vinnunni eftir mikla fjarvinnu undanfarið ár.

„Fólk er svolítið að skriða aftur í dagsljósið úr einangrun, sóttkví og öllu þessu sem hefur verið í gangi undanfarið ár,“ segir Dóra létt í bragði og heldur áfram:

„Fyrir vikið er komin mikil þörf í samfélaginu fyrir að vera í kringum fólk. Það hafa margir viðurkennt að hafa einfaldlega gleymt því hvernig á að hafa gaman. Það sé orðið allt of langt frá síðasta hláturskasti og jafnvel búið að gleyma hvernig á að taka frumkvæði í mannlegum samskiptum. Það eru allt aðrar áherslur í mannlegum samskiptum í dag heldur en það sem áður þekktist og margir finna fyrir því að þurfa að skerpa á hlutunum í þessu.“

Rannsóknir hafa sýnt að andlegri heilsu hafi hrakað í heimsfaraldrinum enda hafa margir einangrast frá samfélaginu. Dóra kannast við þá sálma.

„Það eru margir sem hafa orð á því að andleg liðan sé mun þyngrri eftir



Dóra Jóhannsdóttir hefur kennt Improv-námskeið á Íslandi frá árinu 2013.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Ef einstaklingar hlusta og leyfa innsæinu að ráða þá eru allir skemmtilegir í sínu eðli.



Dóra Jóhannsdóttir, stofnandi Improv-skólans.

þennan faraldur. Margir tala um að lífsgleðin sé ekki sú sama og þar vegur skorturinn á félagslegum samskiptum talsvert að mínu mati. Fólk er búið að halda inni í sér í langan tíma en það sér ljós fyrir enda ganganna,“ segir Dóra og segir kennslu-efnið einfalt.

„Námskeiðið snýst fyrst og fremst um að hafa gaman, halda ekki aftur af sér og hlæja. Það er mikið um hlátur á námskeiðinu. Fyrir vikið finnum við fyrir miklu þakklæti hjá þeim sem hafa setið námskeiðið.“

Dóra segir að það sé í eðli okkar að vera skemmtileg en stundum þurfi aðstoð til að draga það fram. „Mín reynsla er sú að allir einstaklingar eru skemmtilegir inn við beinið. Það eru allir með það í sér að vera skemmtilegir. Ef einstaklingar hlusta og leyfa innsæinu að ráða þá eru allir skemmtilegir í sínu eðli.“ ■

## Alicante í haust

Beint morgunflug

• Flugsæti eingöngu

• Benidorm

• Altea

Frá 19.990 kr

www.aventura.is



• Sími: 556 2000  
• Sundagarðar 2 - 104 Reykjavík





# ÞJÓNUSTUÐ DAGUR TOYOTA

Í DAG 15. MAÍ KL. 11-15



Þjónusta fyrir bílinn, sápuþvottur og dekur. Þjónustuð fyrir fjölskylduna hjá viðurkenndum þjónustuðaðilum Toyota. Stilltu á K100 - FM 100,5. Páll Óskar sér um þjónustuðið.

Engin vandamál – bara lausnir.

Toyota Kaupúni  
Toyota Reykjanesbæ  
Arctic Trucks  
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur  
Bílatangi  
Nethamar  
Bílageirinn


Kaupúni 6  
Njarðarbraut 19  
Kletthálsi 3  
Bæjarflöt 13  
Suðurgötu 9  
Garðavegi 15  
Grófinni 14a

Garðabæ  
Reykjanesbæ  
Reykjavík  
Reykjavík  
Ísafirði  
Vestmannaeyjum  
Reykjanesbæ





## Tölur vikunnar



900

milljónir voru vaxtagjöld Vaðlaheiðarganga árið 2019.



12

þúsund Íslendingar eru taldir glíma við alvarlega ofþyngd.



62

prósent landsmanna eru skráð í þjóðkirkjuna.



4

milljarðar eru tekjur sem taldar eru tapast vegna erlendra veðmálasíðna.



2.500

sumarstörfum hefur verið úthlutað hjá Vinnumálastofnun.

## Þetta sögðu þau



Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir

stjórnarformaður Hörpu

Við sjáum fyrir endann á þeim miklu takmörkunum sem lítað hafa líf okkar síðustu misseri. Það er tilhlökkunarefni að á menningarnótt verður tíu ára afmælinu fagnað um leið og starfsemi hússins kemst aftur í takt. Þá verður hátíð í höfuðborginni, hátíð okkar allra. Megi Harpa hljóma fagurlega um ókomna tíð.



Vala Hafstað

blaðamaður og skáld

Það sem virðist hafa gleymst er að konur eru og verða alltaf menn. „Það á ekki að kjósa mig af því að ég er kona, það á að kjósa mig af því að ég er maður, og innan orðsins maður er bæði karl og kona.“ sagði Vigdís Finnbogadóttir árið 1980. Þetta hefur lýðum verið ljóst fram að þessu, en nú er allt gert af ákveðnum þrýstihópum til að véfengja það.



Bolli Héðinsson

hagfræðingur

Þegar stjórnarskrárfrumvarp um þjóðareign á auðlindum var sett fram fyrir nokkrum árum gengu Vinstri græn í takt við þjóðina og kröfðust ákvæðis í stjórnarskrá um eign þjóðarinnar á auðlindum sem kvæði skýrt á um fullt endurgjald fyrir afnot af þjóðareignum ella yrði ákvæðið orðin tóm. Eftir að Vinstri græn komust í ríkisstjórn er komið annað hljóð í strokkinn.

## ÁRÉTTING

Í tengslum við sýninguna Karólínu vefara verður á HönnunarMars kynning á útsaumi í Aðalstræti 10.

## Áhugi eykst en ekki vegna eldgoss

Allt bendir til þess að ákvörðun yfirvalda um að opna landamærin utan Schengen spili stóran þátt í að auka ferðaáhuga á Íslandi. Leitarfyrirspurnir vegna eldgossins í Geldingadölum eru færri núna en leitarfyrirspurnir þegar gaus í Holuhrauni árið 2014.

mhj@frettabladid.is

**FERÐAÞJÓNUSTA** Áhugi ferðamanna á Íslandi heldur áfram að aukast og benda gögn til þess að ákvörðun yfirvalda um að opna landamærin eigi stærstan þátt í því, samkvæmt Íslandsstofu. „Við sáum talsverða aukningu í leitarfyrirspurnum þegar tilkynnt var að Ísland myndi heimila bólusettingu ferðamönnum utan Schengen að heimsækja landið, sem vakti mikla athygli í Bandaríkjunum. Að sama skapi sáum við mikla aukningu í áhuga Breta í kjölfar þess að tilkynnt var að Ísland væri á grænum lista fyrir ferðamenn þarlendis. Þá var talsverð umfjöllun um eldgosid í Geldingadölum á fyrstu dögum gossins, auk þess sem að þó nokkur umfjöllun var um landið í tengslum við Óskarsverðlaunatilnefningu lagsins Húsavík,“ segir Daði Guðjónsson, fagstjóri Neytendamarkaðssviðs Íslandsstofu.


Samkvæmt könnunum Íslandsstofu frá lokum febrúar stefna 58% Bandaríkjamanna sem ferðast reglulega, á að ferðast í ár. „Það er dálítið erfitt að setja puttann á það hvað á mestan þátt í að auka áhuga á landinu, en gögn benda til þess að ákvarðanir um að opna landamærin hafi átt stærstan þátt í því. Eldgosid virðist hafa vakið áhuga fjölmiðla í stuttan tíma, en almennt virðist fólk ekki mikið vera að leita að upplýsingum um það, sem gæti bent til að almenn vitund um það sé lítil,“ segir Daði.

Samkvæmt greiningu sem Sahara Social Media gerði fyrir Íslandsstofu um leitarfyrirspurnir vegna eldgossins í Geldingadölum þá eru færri að leita að „Volcano Iceland“



Færri hafa leitað að eldgosinu í Geldingadölum á Google en að gosinu í Holuhrauni árið 2014. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Leitarfyrirspurnir um yfirstaðin eldgos



núna en þegar það gaus í Holuhrauni árið 2014. Þá eru leitarfyrirspurnirnar ekkert í líkingu við eldgosid í Eyjafjallajökli árið 2010.

Neytendarannsókn Íslandsstofu

meðal helstu markhópa á helstu mörkuðum sýnir að ferðamenn eru mjög jákvæðir gagnvart Íslandi. „Það er mikil jákvæðni gagnvart Íslandi og mikið traust um hvernig

við erum að meðhöndla Covid-19. Ísland mælist hæst af þeim löndum sem við berum okkur saman við gagnvart trausti,“ segir Daði.

Aðspurðir hversu jákvæðir eða neikvæðir svarendur eru gagnvart ákveðnum ferðaafangastöðum, voru á milli 82-83% svarenda jákvæðir gagnvart Nýja-Sjálandi, sem var hæsta hlutfallið. Þar á eftir var Ísland, en um 76% svarenda voru jákvæðir gagnvart Íslandi.

Þá sögðust rétt rúmlega 10% svarenda ætla að heimsækja Ísland á næstu 12 mánuðum. Daði segir þetta sýna að íslensk ferðaþjónusta geti endurheimt fyrri stöðu.

„Reynslan hefur kennt okkur að svona meðbyr er hægt að nýta vel í markaðssetningu. Það er hægt að virkja þennan áhuga og fá fólk til þess að heimsækja landið með markvissum aðgerðum. Við teljum því tvímælalaust að það séu mikil tækifæri í stöðunni fyrir íslenska ferðaþjónustu að ná vopnum sínum á nýjan leik og endurheimta fyrri stöðu,“ segir Daði. ■

# ÍS BAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

# RAM 3500

**VERÐ FRÁ 7.421.210 KR. ÁN VSK.**  
**9.202.300 KR. M/VSK.**

**BREYTINGAVERKSTÆÐI ÍSBAND, SMÍÐSHÖFÐA 5, SÉRHÆFIR SIG Í BREYTINGUM Á RAM PALLBIFREIÐUM.**

**BJÓÐUM UPP Á 37" - 40" BREYTINGAPAKKA**

BÍLL Á MYND RAM 3500 LARAMIE SPORT MEGACAB MED 35" BREYTINGU



SUMARSMELLURINN

FRÁ GÓU

TROMPAR

ALLT ANNAÐ!



VELJUM ÍSLENSKT



# Ekki boðið í aukapláss fyrir en staðsetningar liggi fyrir

lovisa@frettabladid.is

**SKÓLAMÁL** Reykjavíkurborg stefnir á að byggja færanlegt húsnæði við þrjú leikskóla og starfrækja tvær leikskólarútur á ári til að geta boðið ný leikskólalátt á næsta skólaári.

Skúli Helgason, formaður í skóla- og frístundaráði, segir í samtali við Fréttablaðið að unnið sé að því að finna bestu staðsetningar fyrir einingarnar en niðurstaðan tekur

mið af nýrri greinargerð starfshópsins „Brúum bilið á meðan við brúum bilið“. Ekki verður boðið í aukapláss fyrir en að staðsetningarnar liggja fyrir og staðfesting hefur verið fengin frá birgja um að einingarnar berist til landsins fyrir haustið.

Á fundi borgarráðs fyrir um tveimur vikum lagði borgarstjóri til að borgarráð heimili leigu 100 til 110 eininga af færanlegu húsnæði til að geta boðið ný leikskólalátt á



Mörg börn bíða þess enn að fá pláss í leikskóla fyrir næsta haust.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

næsta skólaári. Einingarnar nýtast í um þrjár byggingar við leikskóla. Í tillögunni var lagt til að leigusamningar yrðu til þriggja ára.

Þá var einnig óskað eftir heimild borgarráðs við að hefja útbóðsferli við tvær fullbúnar leikskólarútur. Í tillögu borgarstjóra kemur fram að leikskólarútur séu vel heppnað verkefni í nágrennalöndum okkar. Lagt er til að koma á fót tveimur rútum sem myndu ganga þar sem elstu

börn á ákveðnum leikskólum gætu farið á græn svæði borgarinnar þar sem inniástaða eða útikennsluástaða er fyrir hendi.

Frumkostnaðarmat á færanlegu húsnæði með grundun, gerð leikskólalóðar og búnaði er um 250 milljónir króna og ársleiga á færanlegu húsnæði verði á bilinu 180 til 240 milljónir króna. Áætlaður kostnaður vegna tveggja fullbúinna leikskólalóða er um 120 milljónir króna. ■



Pawel segir hugmyndina á frumstigi.

## Reykjavíkurborg skoðar Skólalátt

arnartomas@frettabladid.is

**REYKJAVÍK** Reykjavíkurborg samþykkti í gær að skoðaðar yrðu leiðir til að borgarstjórn gæti tekið á móti nemendahópum með svipuðum hætti og svokölluðu Skólalátt Alþingis.

„Það var oft þannig þegar ég var á þingi að þá fékk maður krakka í heimsókn, sem var mjög skemmtileg leið til efla lýðræðisvitund þeirra,“ segir Pawel Bartoszek, fráfandi forseti borgarstjórnar, sem lagði fram tillöguna. „Mér fannst fróðlegt að sjá hvort hægt væri að reyna eitthvað svipað í borginni.“



**Mér fannst fróðlegt að sjá hvort hægt væri að gera eitthvað svipað í borginni.**

Pawel segir að hugmyndin sé enn á frumstigi svo ekki liggi fyrir hvaða aldurshópar verði teknir fyrir.

„Til að byrja með viljum við skoða þessa hugmynd í samstarfi við Alþingi og reynsla þeirra af málinu verður metin,“ segir hann, en bætir við að hann gæti vel séð fyrir sér að krakkar í efri deildum grunnskóla gætu verið markhópurinn. ■

# Tölvuþrjótur herja á orkukerfi

Olíuflutningar jafna sig smám saman eftir tölvuárás á eitt stærsta olíuleiðslufyrirtæki Bandaríkjanna. Forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar segir ógerning að nokkurt kerfi verði fullkomlega öruggt gegn tölvuárásum þótt gera megi ýmsar ráðstafanir.

thorgrimur@frettabladid.is

**ÖRYGGISMÁL** Colonial-olíuleiðslan í Bandaríkjunum náði fullum afköstum að nýju á fimmtudaginn. Tölvuárás var gerð á stjórnkerfi leiðslunnar um helgina sem stöðvaði flutning á olíu frá Texas til austurstrandar Bandaríkjanna. Árásin leiddi til skyndilegs eldsneytisbirtis og hækkunar á eldsneytisverði enda sér leiðslan um flutning á 45 prósentum af eldsneytisbirgðum austurstrandarinnar.

Árásin hefur verið rakin til rafglæpagengisins DarkSide, sem talið er að haldi til í Rússlandi. Um var að ræða árás með svonefndu gíslatökuforriti (e. „ransomware“) sem tölvuþrjótur nota til að stöðva starfsemi tölvukerfa þar til lausnargjald er greitt.

Aðspurður hvort hætta sé á álika árásum á íslensk orkufyrirtæki svarar Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, því að óhugsandi sé að fyrirbyggja árásir með óyggjandi hætti. Ahætta fylgi óhjákvæmilega notkun rafrænnar þjónustu rétt eins og öðrum öngum daglegs lífs. „Ég hef aldrei haldið því fram að það sé hægt að verja nokkurt upplýsingakerfi þannig að það sé ekki einn einasti fræðilegi möguleiki á að það verði fyrir árás. Það er þó hægt að gera svo veigamiklar ráðstafanir að þessi áhætta sé vel innan viðsættanlegra marka.“

Hrafnkell bendir á að í nýgildandi lögum 78/2019 um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða sé skylda lögð á mikilvæga



Flutningur olíu um Colonial-leiðsluna stöðvaðist vegna tölvuárásar en er nú kominn aftur í gang. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**Þetta eru ekki einhverjir bólugrafar unglingar í bílskúrum sem gera þetta.**



Hrafnkell Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar.

innviði að tilkynna netöryggissveit Póst- og fjarskiptastofnunar, CERT-ÍS, um alvarleg atvik sem ógni net- og upplýsingakerfum þeirra. Orkustofnun hafi hins vegar enn ekki lokið ferli til að skilgreina hvaða orkuframleiðendur falli undir lögin.

„Það þarf að fella orkuinnviði landsins undir þetta regluverk þannig að það virki gagnvart orkufyrirtækjunum,“ sagði hann. „Það breytir því ekki að auðvitað eru orkufyrirtæki fullmeðvitað um þessa ógn og hafa unnið að sínum málum með kerfisbundnum hætti í fjölda ára.“

Hrafnkell segir að rafglæpir með gíslatökuforritum séu líklega sú tegund tölvuglæpa sem gefi mestan fjárhagslegan ávinning. „Þetta eru ekki einhverjir bólugrafar unglingar í bílskúrum sem gera þetta, heldur glæpasamtök með öflugan

búnað sem vinna að aðgerðinni í langan tíma. Þeir höfðu örugglega undirbúið þetta mánuðum og miss-erum saman.“

„Netárás á raforkukerfið er ein af þekktum áhættum í áhættumati okkar hjá Landsneti,“ segir Steinunn Þorsteinsdóttir, upplýsingafrú Landsnets. „Við erum mjög meðvituð um þessa áhættu og erum stöðugt að vinna í stýringum til að styrkja varnir til að koma í veg fyrir árás eins og þessa.“

Steinunn bendir á að Landsnet heyri undir áður nefnd lög 78/2019 og séu með vottað ISO 27001 stjórnkerfi um upplýsingaöryggi. „Einnig erum við í góðu samstarfi við CERT-ÍS, lögreglu, og Orkustofnun þegar kemur að þessum málum og erum einnig í víðtæku samstarfi við öll flutningsfyrirtæki raforku á Norðurlöndunum og Evrópu.“ ■



# Parket

**Parki**  
INTERIORS

Gríðarlegt úrval af viðarparketi ásamt vatnspólnu harðparketi og vínyparketi má finna í sýningarsal okkar á **Dalvegi 10-14**.

Komdu við og ræddu við sérfræðinga Parka og fáðu faglega ráðgjöf



Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi • 595 0570



Finndu okkur á **Facebook!**  
facebook.com/Parki.interiors



Hyundai KONA EV

# Veldu rafmagn. Veldu stíl.



Hyundai KONA Comfort

**TILBOÐSVERÐ: 4.990.000 kr.**

Listaverð: 5.290.000 kr.

K O N A

RAFMAÐUR frá Hyundai

## Einstakt tækifæri!

Framúrskarandi hönnun, glæsileg innrétting og frábærir aksturseginnleikar gera Hyundai KONA að draumabílnum í borgarakstri. Og nú getum við boðið 100% rafmagnaðan KONA á einstöku verði.

Þessi fagurmótaði jepplingur hefur **eina mestu drægni bíla í sama stærðarflokki eða allt að 449 km** samkvæmt nýjum WLTP mælingum.

Verið velkomin, við bjóðum upp á rafmagnaðan reynsluakstur.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16



Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | [www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)



Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Átta ár/160.000 km ábyrgð er á rafhlöðum. Staðbundnir skilmálar gilda. Kynntu þér allt um ábyrgðina á [hyundai.is](http://hyundai.is)







Maðurinn fékk rúmar 10 milljónir.

## Vann í tvö skipti í Lottóinu með stuttu millibili

benediktboas@frettabladid.is

**GETRAUNIR** Sunnlendingur skráði sig í sögubækurnar sem einn heppnasti Íslendingur síðari tíma þegar hann reyndist vera einn með allar tölurnar réttar í Lottóinu – í annað skipti á rúmum þremur árum.

Í tilkynningu frá Lottó kemur fram að spilarinn fékk rúmar 10 skattfrjálsar milljónir. Maðurinn segist hafa valið sömu tölur um skeið eftir að hafa fyllst sérstakri tilfinningu þegar hann fékk þær í sjálfvali á sínum tíma. Það hugboð skilaði sínu svo sannarlega um síðustu helgi.

„Við sjáumst svo aftur eftir þrjú ár“, sagði sá heppni og brosti þegar hann kvaddi höfuðstöðvar Íslenskrar getspár eftir að hafa fengið vinninginn staðfestan í vikunni. ■



Aðalfundur Haga verður 3. júní.

## Launahækkun á stjórnarmenn

benediktboas@frettabladid.is

**KJARAMÁL** Starfskjaranefnd Haga leggur til að laun stjórnarformannsins hækki um 40 þúsund krónur og verði 700 þúsund á mánuði. Varformaður fær einnig hækkun og fer úr 495 þúsundum í 515 þúsund. Aðrir stjórnarmenn hækka um 20 þúsund krónur og verða með 350 þúsund krónur. Þetta kemur fram í tilkynningu félagsins til Kauphallarinnar.

Stjórnar- og nefndalaun tóku ekki breytingum á aðalfundi Haga árið 2020 og voru óbreytt frá starfsárinu 2019-2020. Nefndin mun svo kynna nýtt kaupréttakerfi á næsta aðalfundi. ■

## Vilja ekki enn einn plásturinn á leikskólann

benediktboas@frettabladid.is

**SELTJARNARNES** Starfsfólk leikskóla Seltjarnarness er ekki reiðubúið í stækkun á núverandi bráðabirgðahúsnæði. Aðstaða fyrir nemendur og starfsfólk leikskólans sé nú þegar mjög af skornum skammti og þoli ekki frekari fjölgun. Þetta kemur fram í bókun skólaneftar Seltjarnarness sem fram fór í vikunni. Þar er bætt við að þetta hafi komið skýrt fram í málflutningi fulltrúa leikskóla í nefndinni.



Bærinn stefnir á að taka inn börn frá 14 mánaða aldri inn í leikskólann.

„Bent er á að fyrirhuguð frekari stækkun er bráðabirgðalausn og útlit fyrir að sama staða verði uppi á næsta ári við þörf á viðbótarplássi.“

Skólaneftir ítrekar þörfina á að hafist verði handa við byggingu nýs leikskóla sem fyrst svo við getum horft til lands í því að leysa þörf á húsnæði leikskólans til langs tíma,“ segir í bókun nefndarinnar.

Minnihlutinn á Seltjarnarnesi segir í sinni bókun að fulltrúar þeirra harmi þá stöðu sem upp er komin í inntöku barna á leikskóla í

bæjarfélaginu. Húsnæði skólans sé löngu komið að þörmörkum og það sama eigi við um langlundaræð starfsfólks. „Fulltrúarnir skora á bæjarráð að virða óskir stjórnenda og starfsfólks leikskólans að ekki verði enn og aftur byggt við leikskólann. Hagsmunir barna leikskólans verða ekki tryggðir með því að þrengja enn frekar að vinnuástöðu og leikrými þeirra. Í staðinn óskum við eftir því að allur kraftur verði lagður í að flýta byggingu nýs leikskóla.“ ■

## Vilja löglega keppnisaðstöðu fyrir fjölmennustu deild borgarinnar

Fjöltnir sendi inn erindi til Reykjavíkurborgar um mögulega framtíðarlausn fyrir knattspyrnudeild félagsins. Knattspyrnudeild Fjölnis er sú fjölmennasta í Reykjavík.

kristinnpall@frettabladid.is

**REYKJAVÍK** Íþróttafélagið Fjöltnir og fasteignafélagið Reginn sendu inn tillögu til Reykjavíkurborgar á dögnum þar sem félagið viðræði hugmyndir um uppbyggingu keppnisaðstöðu Fjölnis. Samkvæmt þeim hugmyndum myndi framtíðarkeppnisaðstaða félagsins verða við Egilshöll þar sem félagið er nú með æfingaaðstöðu. Til þess lagði félagið fram fjögurra þrepa áfangaaætlun í samstarfi við Reginn, sem myndi taka þátt í fjármögnuninni gegn samkomulagi um tuttugu ára leigusamning.

Fyrsta skref væri að snúa gervigrasvöllinum sem er til staðar og koma upp viðunandi keppnisaðstöðu sem stæðist leyfiskerfi KSÍ og UEFA með stúku fyrir allt að 1.500 manns sem væri að hluta til yfirbyggð. Næsta skref væri að byggja íþrótt- og lýðheilsukjarna við Egilshöll sem væri samtengdur öðrum mannvirkjum sem veitti vellinum skjól. Um leið myndi kjarninn leggja grundvöll fyrir fyrirhugaða íbúðabyggð þar sem á bilinu 400-500 íbúðir gætu risið.

„Félagið hefur verið í stöðugum vexti undanfarin ár og um leið vantar enn löglega keppnisaðstöðu. Við erum enn að notast við keppnisaðstöðu sem er sífellt á undanþágum og markmiðið er að finna endanlega niðurstöðu sem félagið getur nýtt til framtíðar. Við erum von þvi að æfa úti um allt, en það væri gott að vera með heimili fyrir keppnisleiki og nokkurs konar hjarta fyrir knattspyrnudeild félagsins,“ segir Jón Karl Ólafsson, formaður Fjölnis, aðspurður út í erindið.



Samkvæmt áætlunum verður gervigrasvöllurinn færður að Egilshöll við stúku sem á að reisa þar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Við erum enn að notast við keppnisaðstöðu sem er sífellt á undanþágum og markmiðið er að finna endanlega niðurstöðu sem félagið getur nýtt til framtíðar.

„Þótt að við séum ungt félag sem er ekki með sömu sögu og hefð að baki og önnur Reykjavíkurlíð erum við með flesta iðkendur í borginni. Það er ljóst af byggingaráformum næstu árin að hverfið muni stækka enn fremur. Fyrir vikið er von á fleiri iðkendum í félagið.“


Ef áformin ganga í gegn verður Fjöltnir enn eitt liðið sem skiptir í upphitað gervigras, en Jón Karl segir að það hafi sýnt sig hjá öðrum félögum að nýtingin væri mun betri.

„Það hefur sýnt sig hjá öðrum félögum að nýtingarhlutfallið er

mun betra þegar þessi aðstaða er til staðar. Það þarf ekki að fara lengra en að sjá muninn hjá Fylki og Val. Félögin hafa dregið úr tímunum inni í Egilshöll,“ segir Jón Karl og bætir við að með því að tengja þessi mannvirki saman gæti það reynst hagstætt.

„Þetta ætti að vera ódýrari kostur enda ertu ekki að byggja frá grunni heldur að hengja stúkuna við bygginguna. Um leið eykst notagildið þar sem það ætti að vera hægt að nýta mannvirkin betur þegar þau eru hluti af stærri heild.“ ■

# Fjölskyldupakkinn:



= **19.990 kr.**  
ALLT ÓTAKMARKAÐ



NÓA

NÝTT!

# TROMP HVELLUR



## SUMARHVELLURINN Í ÁR

Ert þú til í glænýja bragðupplifun? Við höfum nú bætt kríspí súkkulaði utan á hið sívinsæla Tromp og búið til nýtt sælgæti sem er svo spennandi að það fékk nafnið Hvellur! Lungamjúkt og ómótstæðilegt Tromp falið inn í stökku og kríspí mjólkursúkkulaði. Getur ekki klikkað!



## Mótmæla í dag til stuðnings Palestínu

benediktboas@frettabladid.is

**PALESTÍNA** Boðað hefur verið til mótmæla til stuðnings Palestínu undir yfirskriftinni Stöðvum blóðbaðið í dag, laugardag, á Austurvelli klukkan 13.

Í tilkynningu frá skipuleggjendum segir að í síðustu viku hafi Ísrael ráðist á al-Aqsa moskuna á síðustu dögum heilagasta mánaðar

múslima og árásirnar hafi staðið yfir síðan. „Nú hefur Ísrael ákveðið að þjóðernishreinsa hverfið Sheik Jarrah í Austur-Jerúsalem, svæði sem er hertekið og Ísrael hefur enga réttmæta lögsögu yfir,“ segir Yousef Ingi Tamimi, einn af skipuleggjendum mótmælanna. Það er krafa mótmælenda að íslensk stjórnvöld gripi til tafarlausa aðgerða og leggi viðskiptabann á Ísrael. ■

Útboð verkefna á sviði jarðhita, rafvæðingu heimila og grænnar nýsköpunar í Rúmeníu á vegum Uppbyggingarsjóðs EES, verður kynnt á vefundi 19. og 20. maí kl. 8:00-16:00

Markmið verkefnanna er að auka endurnýjanlega orku, græna nýsköpun og auka samstarf milli Íslands, Lichtenstein, Noregs og Rúmeníu

Veittur er stuðningur við verkefni með eftirfarandi áherslur:

- auka uppsett afl frá jarðhita
- auka fjölda nýrra eða endurnýjaðra mannvirkja til að auka notkun jarðhita
- rafvæðingu heimilanna
- græn nýsköpun

Einnig verður boðið upp á samstarfsfundi aðila. Mikilvægt er að aðilar skrái þátttöku á [os.is](https://os.is)



Sjá nánari upplýsingar á [os.is](https://os.is)

ORKUSTOFNUN

EIGÐU  
BRÁKANDI  
SUMAR



Palestinumenn virða fyrir sér leifar hverfis í bænum Beit Hanun í norðurhluta Gasa.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Ekkert lát á átökum á Gasa

Minnst 130 liggja í valnum eftir átök Ísraela og Palestínumanna síðustu daga. Ísraelar útiloka ekki innrás á Gasa og segja að átökin haldi áfram eins lengi og þörf sé á. Forsætisráðherra hvetur til vopnahlés. Boðað hefur verið til mótmæla á Austurvelli í dag.

arib@frettabladid.is

**MIÐ-AUSTURLÖND** Minnst 130 liggja í valnum og hátt í þúsund eru særðir í átökum Ísraela og Palestínumanna síðustu daga, af þeim látnu eru átta Ísraelar. Af þeim 122 Palestínumönnum sem hafa látið lífið eru 31 barn.

Þrátt fyrir ákall alþjóðasamfélagsins um að átökunum verði hætt hefur Benjamin Netanjahú, forsætisráðherra Ísraela, heitið því að árásum verði haldið áfram „eins lengi og þörf er á“. Bætti hann við að Hamas-samtökin, sem og „aðrir hryðjuverkahópar“ muni gjalda árásir sínar dýru verði. Er hann að íhuga að fangelsa þá sem taka þátt í uppbotum í óákveðinn tíma, án ákæru.

Í fyrrinótt skutu Hamas um 250 flugskeytum að ísraelsku borgunum Ashkelon, Beersheba og Yavne. Fjöldi borgara leitaði sér skjóls í loftvarnarbyrgjum en engar fréttir hafa borist af mannfalli. Ísraelar svöruðu með loftárásum og stórskotahrið. BBC hefur talsmanni ísraelska hersins að markmið næturinnar hafi verið að eyða undirgöngum á vegum skæruliða Hamas, en engar hersveitir hafi farið inn á Gasa-svæðið. Ísraelar segja jafnframt



Ég náttúrulega bara minni á orð Guterres sem hvetur aðila til að fara í vopnahlé strax og ég tek eindregið undir hans orð, því fórnarlömbin í þessu eru almennir borgarar og börn þar á meðal.



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.

ad fjöldi þeirra sem hafi látist hafi verið skæruliðar og sumir hafi látist af völdum gallaðra eldflauga sem hafi átt að skjóta á Ísrael.

Ísraelsher hefur sent hersveitir og skriðdreka að landamærum Gasa, segja þeir að það komi til greina að

senda inn herlið. Hamas samtökin segjast vera tilbúin að hætta öllum árásum ef alþjóðasamfélagið þrýsti á Ísraela að hætta „öllum hernaðarumsvifum“ við al-Aqsa moskuna í Jerúsalem.

BBC hefur eftir Mark Regev, aðstoðarmanni Netanjahús, að boltinn sé hjá Hamas. „Við vildum ekki þessi átök, en þar sem þau eru hafin þá þarf þeim að ljúka með friði. Það er aðeins hægt með því að Ísrael ráði niðurlögum Hamas, hernaðarinnviðum þeirra og stjórnar.“

Fjórir hafa látið lífið á Vesturbakkanum. Ísraelsher skaut viðvörnarskotum á mótmælendur sem fóru yfir landamærin frá Líbanon. Sjónvarpsstöð í eigu Hezbollah-samtakanna sagði að einn hefði særst. Samkvæmt Al-Jazeera kom til átaka á milli jördönsku lögreglunnar og mótmælenda sem ætluðu sér að fara inn á Vesturbakkann.

Antonio Guterres, aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hefur hvatt Ísraela og Palestínumenn til að semja umsvifalaust um vopnahlé. Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, tók undir þetta eftir fund ríkisstjórnarinnar í gær.

„Ég náttúrulega bara minni á orð Guterres sem hvetur aðila til að fara í vopnahlé strax og ég tek eindregið undir hans orð, því fórnarlömbin í þessu eru almennir borgarar og börn þar á meðal,“ sagði Katrín.

Þingflokkur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs sendi í gærmorgun frá sér tilkynningu þar sem framferði Ísraelsmanna er fordæmt. Félagið Ísland-Palestína hefur boðað til mótmæla á Austurvelli í dag, laugardag, klukkan 13.00. ■

## Grímuskyldu bólusettra aflétt

thorgrimur@frettabladid.is

**BANDARÍKIN** Sóttvarnastofnun Bandaríkjanna (CDC) gaf á fimmtudag út þá yfirlýsingu að grímuskyldu skyldi aflétt fyrir fólk sem hefur verið bólusett að fullu gegn Covid-19. Um það gildi þó undantekningar þar sem staðarlög eða reglugerðir kveða á um annað, þar á meðal á vinnustað eða í fyrirtækjum.

„Allir sem hafa verið bólusettir að fullu mega taka þátt í viðburðum innan- og utandyra, stórum og smáum, án þess að bera grímu eða þurfa að gæta fjarlægðar frá öðrum,“ sagði Rochelle Walensky, framkvæmdastjóri CDC, á blaða-



Bandaríkjamenn sem hafa verið bólusettir gegn Covid fá nú að leggja andlitsgrímurnar til hliðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

mannafundi. „Ef maður er bólusettur til fulls má byrja að gera allt sem maður hætti að gera út af faraldrinum.“ Walensky sagði þetta vera stund sem boðaði endurkomu til eðlilegra ástands.

Óljóst er hvernig reglum um grímuskyldu verður framfylgt þar sem ógerningur er að bera kennsl á bólusetta nema með framvísun vottorðs. Samkvæmt talningum CDC hafa um 45 prósent fullorðinna Bandaríkjamanna fengið að minnsta kosti eina sprautu gegn Covid-19 og um 33 prósent verið bólusett að fullu. Nokkuð hefur þó hægst á bólusetningum á síðustu vikum. ■



# ŠKODA KODIAQ FERÐABÍLLINN!



ŠKODA

Dráttargeta  
2,5 tonn!

ŠKODA KODIAQ er sneisafullur af staðalbúnaði og hefur slegið rækilega í gegn fyrir aksturseginnleika, tækni og snjalla hönnun. Þjóðum nú Kodiaq ferðabíl með sumarlegum aukahlutapakka á einstöku tilboðsverði. Njóttu þess að ferðast um landið á fjórhjóladrifnum Kodiaq sem og endurnýjaðu tengslin við það mikilvægasta í lífinu. Komdu í reynsluakstur og finndu hvað gerir Kodiaq að afburðargóðum kosti. Hlökkum til að sjá þig.

## FERÐABÍLNUM FYLGIR

- › Fjórhjóladrif
- › Dráttarbeisli
- › Fjarlægðartengdur hraðastillir
- › 18" Trinity álfelgur
- › Þverbogar
- › Farangursbox 400 l.

Verð áður með aukabúnaði 7.955.800 kr.  
Sumartilboð **6.990.000 kr.**



Skoðaðu Ferðabíllinn á [www.hekla.is/skodasalur](http://www.hekla.is/skodasalur)

Fylgdu okkur!



@skoda

[www.skoda.is](http://www.skoda.is)



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · [hekla.is](http://hekla.is)  
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum



## Egg og körfur



Jón Þórisson  
jon@frettabladid.is

Lengi var ljómi yfir langskólabóknámi hér á landi. Líklega var það arfleifð frá gamalli tíð þegar ekki aðeins þurfti námshæfileika til að leggja í langan námsferil heldur þurfti til þess mikið fé. Lengi vel gafst aðeins þeim sem af efnafólki voru komnir tækifæri til þess að halda í langskólanám.

Sú var líka tíðin að þeir sem lagt höfðu að baki langskólanám máttu gefa sér að geta valið úr störfum og búíð við fjárhagslegt öryggi. Þessar aðstæður leiddu af sér menntahroka þar sem nám af öðru tagi þótti ómerkilegra og ekki eins eftirsóknarvert. Fjölskyldur þrýstu á ungmenni að hefja nám sem hugur ungmennanna stóð ef til vill ekki til.

Í Fréttablaðinu í vikunni sagði frá því að á síðasta ári hefðu 804 nemendur verið útskrifaðir af iðnnámsbrautum í framhaldsskóla og brautskráðum hefði fjölgað mikið undanfarin ár. Frá 2017 til 2020 hefði fjölgað um 25 prósent og var þar vísað til nýrrar greiningar Samtaka iðnaðarins. Í fréttinni er haft eftir Sigurði Hannessyni, framkvæmdastjóra samtakanna, að OECD hafi bent á að það hafi neikvæð áhrif á samkeppnisstöðu landsins að of fáir útskrifist með iðn- og tæknimenntun.

Þá er skemmst að minnast þess að yfirmaður sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sagði í fjölmiðlum nýlega að þekking og færni vinnuaflsins hér á landi væri mjög mikil en samt væri það svo að nýtingin og aukning verðmæta í upplýsingatækni og hátækni væri ekki í réttu hlutfalli við getu og færni þjóðarinnar og vinnuaflsins.

Á það var bent að einhæfni í atvinnulífi þar sem ferðabjónustan bar ægishjálmi yfir aðrar atvinnugreinar þegar heimsfaraldurinn skall á hefði verið veikleiki og úr því þyrfti að bæta. Efling iðnmenntunar og fjölgun þeirra sem leggja fyrir sig iðngreinar er einmitt til þess fallin. Fjölgun brautskráninga af iðnnámsbrautum segir Sigurður í fréttinni að megi þakka kynningarstarfi, laga- og reglugerðarbreytingum stjórnsvalda og aukinni uppbyggingu í málaflokknum.

Í vikunni varð að lögum frumvarp um aðgengi að háskólum sem gerir það að verkum að þau sem ljúka iðn- og starfsnámi fái aðgang að háskólum, uppfylli það ákveðin skilyrði, líkt og þau sem útskrifast af bóknaðsbrautum framhaldsskóla. Fyrr á árinu var samþykkt reglugerð um vinnustaðanám sem Sigurður segir gjörbreyta fyrirkomulagi þess.

Í mörgum greinum iðnnáms hefur helsti þröskuldurinn verið að komast á samning hjá iðnmeistarum sem áður var skilyrði fyrir því að hægt væri að ljúka námi. Nú hefur breyting orðið þar á. Nú þurfa namar ekki lengur að komast á samning hjá meistara og geta farið svokallaða skólaleið þar sem skóli þeirra ber ábyrgð á þessum hluta námsins. Namar geta því farið til margra meistara og verið hjá þeim til styttri tíma, þar sem þeir geta stundað afmarkaðri hluta námsins.

Eitt af því sem faraldurinn hefur kennt okkur er hve kerfin sem við reidum okkur á eru viðkvæm og lítið má út afbregða svo illa fari. Í því sambandi er því mikilvægt að bera ekki öll eggin í sömu körfu.

Aukin aðsókn í iðn- og starfsnám er sannarlega gleðileg í því samhengi. ■



Sú var líka tíðin að þeir sem lagt höfðu að baki langskólanám máttu gefa sér að geta valið úr störfum og búíð við fjárhagslegt öryggi.

## Gunnar



## Mín skoðun



Sif Sigmarsdóttir

## Íslenskur aðall

Íslenskt stjórnarálfólk sem berst nú um sæti á framboðslistum af ákafa rómverskra skyldingapræla hefur fulla ástæðu til að öfunda hinn breska Palmer lávarð. Ekki aðeins á Palmer lávarður 100 herbergja óðalssetur þar sem er að finna eina silfurslegna stigahandrið veraldar, heldur mun Palmer lávarður aldrei þurfa að taka þátt í prófkjöri eða hljóta náð fyrir augum uppstillinganeftir. Það eina sem Palmer lávarður þurfti að gera til þess að tryggja sér sæti í efri deild breska þingsins var að eiga frænda sem dó.

Palmer lávarður er einn af 85 aðalsmönnum sem eiga sjálfkrafa sæti í lávarðadeild breska þingsins, vegna þess eins að einhvern tímann síðustu þúsund ár datt kóngi eða drottningu í hug að gefa forföður þeirra land og finan títil.

Breska dagblaðið The Sunday Times stóð nýverið að ítarlegri tölfraeðiúttekt á lávarðadeildinni. Í ljós kemur að þeir sem erfa þingsæti teljast seint þverskurður þjóðarinnar sem þeim er ætlað að setja leikreglur. Meðalaldur þeirra sem sitja í erfðasætum er 71 ár. Jafnmargir eru eldri en níraðir og undir fimmtugu. Tæplega helmingur þeirra fór í finasta heimavistarskóla Bretlands, Eton. Samtals á hópurnum 70.000 hektara lands. Allir eru þeir karlmenn því aðeins elsti sonur eða karlkyns skyldmenn geta erfð þingsætið.

Í lávarðadeildinni eru rúmlega 800 þingsæti sem gerir löggjafarsamkunduna þá næststærstu í heimi á eftir Alþýðuþingi Kína. Tíu prósent sætanna erfast. Í hin er skipað til lífstíðar eða þau falla ákveðnum embættismönnum í skaut. Þingmenn í erfðasætum taka sjaldnar til máls en þeir sem eru skipaðir, mæta verr og rukka þingid um hærri fjárhæðir í formi ferðastyrkja og dagpeninga. Á síðasta ári fékk Brabazon lávarður, barnabarn flugvélaráðherra Winstons Churchill, 30.361 pund í dagpeninga, sem samsvarar meðalárstekjum í Bretlandi. Hann tók ekki einu sinni til máls á þinginu.

## Hættuleg umræða

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, sakaði Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra um „sýndarmennsku“ á Alþingi í vikunni. Var tilefnið auðlinda-ákvæði stjórnarskrárfrumvarps forsætisráðherra sem Þorgerður Katrín sagði „ekkert bit vera í“. Hún sagði ákall almennings skýrt um „að láta ekki sjávarútveginn verða úr undan.“

Breskir þingmenn sem erfa sæti sín eiga sér sína málsvara. Bera þeir því við að kerfið sé hluti af breskri sögu og að varanleiki þingsætanna geri þeim kleift að sýna meira hlutleysi en aðrir. Útreikningar The Sunday Times sýna þó annað. Þegar þingmenn í erfðasætum kveða sér hljóðs í lávarðadeildinni eru þeir 60 prósent líklegri en skipaðir þingmenn til að brydda upp á málefnum sem varða persónulega hagsmuni þeirra sjálfra. Palmer lávarður, hluthafi í tóbaksfyrirtæki, er til að mynda ötull talsmaður þess að slakað verði á reglugerðum um sölu á tóbaki. Hann segir að yrðu reykingar bannaðar „hryndi efnahagskerfi landsins til grunna“.

Talsmenn annars kerfis sem, rétt eins og erfðasætin í lávarðadeildinni hvilir á handahófskenndri gjöf í fortíð, taka ekki síður djúpt í árinu er þeir leitast við að verja óbreytt ástand. „Umræða um að gera umfangsmiklar breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu ... getur beinlínis verið hættuleg,“ sagði í frétt um skýrslu sem unnin var að beiðni Kristjáns Þórs Júlíussonar sjávarútvegsráðherra og var birt í vikunni. Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi sögðu í umsögn um stjórnarskrárfrumvarpið að „varanleiki“ væri „einn af hornsteinum núverandi fiskveiðistjórnunarkerfis.“

Árið 1997 hóf Tony Blair, þáverandi forsætisráðherra, vinnu við að leggja erfðasætin í lávarðadeildinni af. Nú, meira en 20 árum síðar, er kerfið enn við líði. Hyggjumst við Íslendingar þrepa um auðlindaákvæði og kvótakerfi næstu 20 ár á meðan íslenskur erfðaaðall festir sig enn frekar í sessi? ■

519 5500 · FASTBORG.IS

## Þín borg

Í fasteignaviðskiptum fylgjum við þér alla leið

B O R G  
FASTEIGNASALA



Í lávarðadeildinni eru rúmlega 800 þingsæti sem gerir löggjafarsamkunduna þá næststærstu í heimi á eftir Alþýðuþingi Kína.





## 19. – 28. nóvember

Ævintýraferð í beinu leiguflugi með **Icelandair** í haust.

## Dubai, Abu Dhabi & Ras Al-Khaimah

Flottar strendur, svaðalegar sandöldur, stórkostlegur arkitektúr og glæsileg hótél – allt þetta og fleira til finnurðu í Sameinuðu arabísku furstadæmunum. Í nóvember býður VITA upp á glæsilega ferð til Dubai, Abu Dhabi og Ras Al-Khaimah með þaulreyndum fararstjórum. Upplifðu hlýja arabíska gestrisni og ógleymanlega menningu á framanli slóðum.



### Tryp by Wyndham\*\*\*\*

Dubai og Abu Dhabi í 9 nætur.  
**Verð frá 259.900. kr.** á mann m.v. 2 í herbergi m/morgunverði.



### Hilton Dubai Jumeirah\*\*\*\*

Dubai í 9 nætur.  
**Verð frá 397.800. kr.** á mann m.v. 2 í herbergi m/morgunverði.



### Sheraton Abu Dhabi\*\*\*\*

Abu Dhabi í 9 nætur.  
**Verð frá 259.900. kr.** á mann m.v. 2 í herbergi m/morgunverði.



### Marjan Island resort & spa\*\*\*\*

Ras al-Khaimah í 9 nætur.  
**Verð frá 284.900 kr.** á mann m.v. 2 í herbergi m/morgunverði.



### Fararstjórar

Draupnir Rúnar Draupnisson og Póra Valsteinsdóttir verða farþegum innan handar allan tímann og bjóða upp á frábærar skoðunarferðir.

— Bókaðu þig í ævintýraferð á [vita.is](http://vita.is)





# SÓFADAGAR

## AVILA

Glæsilegur sófi í Avila línunni, fæst 2ja og 3ja sæta. Armar eru breiðir og þægilegir. Setpullur eru háar og í hluta baks er saumað tíglamynstur sem gefur bæði sérstakt útlit og bronslitan glampa í vissu ljósi. Fætur eru úr tveimur svörtum járnbogum.



Stærð 2ja sæta: 190 x 94 x 77 cm

**127.992 kr.** ~~159.990 kr.~~

Stærð 3ja sæta: 230 x 94 x 77 cm

**143.992 kr.** ~~179.990 kr.~~



## BILOXI

Biloxi sófinn fæst í gráu og bláu Danny áklæði og ljósgráu og búrgúndí rauðu Diva áklæði. Þéttur og góður svampur gerir sófan þægilegan. Vegna skemmtilegrar hönnunar fær sófinn verðskuldaða athygli. 47 cm sethæð. Stærð: 200 x 80 x 84,5 cm

**95.992 kr.**

~~119.990 kr.~~



## PETRI

Fallegur sófi sem fæst 2,5 og 3ja sæta í sinnepsgulu eða dökkgráu Toro sléttflaueili. Einnig væntanlegur í ljósgráu Malbec áklæði. Kaldpressaður svampur og mini-gormar í þægilegu sæti. Í baki og hliðum eru þægilegar púðapullur. Sterkir, svartir viðarfætur. 43 cm sethæð.

2,5 sæta Toro: 210 x 100 x 78 cm

**171.992 kr.** ~~214.990 kr.~~

3ja sæta Toro: 242 x 100 x 78 cm

**183.992 kr.** ~~229.990 kr.~~



## MURCIA

Veglegur hornsófi í slitsterku áklæði sem er mjög mjúkt viðkomu. Fæst hægri eða vinstri (horn færirst ekki). Bak er fremur lágt en þykkt og þægilegt eins og setan. Saumarnir gefa sérstakt útlit — sama gildir um lögun svartra járnfóta. Stærð: 276 x 210 x 77 cm

**239.992 kr.**

~~299.990 kr.~~



## PINTO

4ra sæta sófi úr sterku bonded leðri (leðurblöndu). Fáanlegur koníaksbrúnn eða steingrár. Innra byrði púðanna er úr endingargóðum kaldpressuðum svampi, trefjafyllingu og loks mjúku yfirlagi. Fætur úr sterku, svörtu járn.

Stærð: 253 x 97 x 85 cm

**199.992 kr.**

~~249.990 kr.~~



NATUZZI  
EDITIONS

## NATUZZI EDITIONS B988

Fallegur 2ja og 3ja sæta sófi og stóll frá Natuzzi Editions. Hnausþykkt svart eða brúnt en mjúkt ítalskt gæðaleður allan hringinn. Djúpar stungur/ saumar innan í baki og örmum.

2ja sæta: 166 x 88 x 76 cm

**311.992 kr.** ~~389.990 kr.~~

3ja sæta: 205 x 88 x 76 cm

**367.992 kr.** ~~459.990 kr.~~



## FLORIDA

Glæsilegur og þægilegur hornsófi. Áferðarfallegt, ekta leður allan hringinn, leðrið fæst dökkbrúnt, dökkgrátt eða svart. Þétt, mjúk sæti og bak með fallegum þversaumum. Sófinn fæst með vinstra eða hægri horni (það er ekki færantlegt). Stærð: 260 x 218 x 95 cm

**319.992 kr.**

~~399.990 kr.~~

Reykjavík 11 – 18 virka daga  
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 11 – 18 virka daga  
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður  
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is  
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstríkað verð sýnir fullt verð vöru.

\* Gildir ekki af sérpöntunum eða vörum frá Skovby



# LOKAHELGIN

ALLIR SÓFAR **20%** AFSLÁTTUR\*

EKKI MISSA AF ÞESSU



## PINTO

Hornsófi í Pintolínunni. Í koníaksbrúnu Colorado áklæði. Innra byrði púðanna er úr endingargóðum kaldpressuðum svampi, trefjafyllingu og loks mjúku yfirlagi. Fætur úr sterku, svörtu járn. Stærð: 293 x 217 x 85 cm

**295.992 kr.** ~~369.990 kr.~~

SÓFABORÐ, PÚÐAR & TEPPI EINNIG MEÐ 20% AFSLÆTTI\* Á SÓFADÖGUM ÓTRÚLEGT ÚRVAL

SÓFA DAGAR  
ALLIR SÓFAR **20%** AFSLÁTTUR\*



V. sófi: 180 x 68 x 73 cm.

Borð: 144,5 x 74,5 x 67 cm.

H. sófi: 170 x 68 x 73 cm.

## BALI ÚTISÓFI OG BORÐ

Fallegt og þægilegt garðsett úr svörtu Polyrattan (tveggja þræða 8 mm flötu fléttuefni). Ofið utan um duftþúðaða járngrind (sinkrör). Hornsófi og hátt matborð. Með settinu fylgja setpullur og þægilegar bakpullur úr svampi með áklæði úr pólýester.

Heildarverð:

**111.992 kr.**  
~~139.990 kr.~~

Þú finnur bæklinginn  
husgagnahollin.is

 HÚSGAGNA  
HÖLLIN

Reykjavík  
Bíldshöfði 20

Akureyri  
Dalsbrú 1

Ísafirði  
Skeiði 1

 HÚSGAGNA  
HÖLLIN



## Agüero hugnast tilboð Barcelona

hjoarvaro@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Barcelona þykir líklegast til þess að ná að landa samningum við argentínska knattspyrnuframherjann Sergio Agüero sem rennur út á samningi hjá Manchester City í sumar og hefur ákveðið að róa á önnur mið. Barcelona, sem er í miklum fjárhagsvandræðum, er að leita leiða til þess að fjármagna samninginn við þennan 32 ára framherja sem hefur einnig leikið með Atlético Madrid.



**Sergio Agüero er fjórði markahæsti leikmaður ensku úrvalsdeildarinnar frá upphafi.**

Þessi félagaskipti gætu hjálpað forráðamönnum Barcelona við að landa samningi við Lionel Messi sem verður samningslaus í sumar. Samlandarnir Messi og Agüero eru góðir vinir.

Memphis Depay hefur einnig verið orðaður við Barcelona, en þau félagaskipti eru talin standa og falla með því hvort Joan Laporta, forseti Barcelona, ætli að veðja á Ronald Koeman áfram í stjórnstólum hjá liðinu. ■

## Arnar verður áfram í Færeyjum

hjoarvaro@frettabladid.is

**HANDBOLTI** Arnar Gunnarsson mun halda áfram störfum sem þjálfari karlalíðs Neistans í handbolta en liðið er staðsett í Þórshöfn í Færeyjum.

Arnar tók við þjálfun liðsins síðasta sumar en hann hefur samhlið því starfi verið yfirþjálfari yngri flokka félagsins. Með nýjum samningi eykst ábyrgð hans á þjálfun elstu yngri flokka félagsins.

Neistinn hafnaði í þriðja sæti færæysku úrvalsdeildarinnar á nýlokinni leiktíð en liðið tapaði svo í bikarúrslitum fyrr á keppnistímabilinu.

Finnur Hansson verður áfram aðstoðarþjálfari Arnars hjá Neistanum en Finnur var á dögumum ráðinn aðstoðarþjálfari færæyska kvennalandsliðsins. ■



Njarðvíkingurinn varð fyrsti Íslendingurinn til að leika í litháisku deildinni og sló heldur betur í gegn á fyrsta ári sínu með Šiauliai.

FRÉTTABLAÐIÐ/ŠIAULIAI

## Skipst á skin og skúrir í vetur

Tímabilið hefur verið ein-kennilegt hjá Elvari Má Friðrikssyni á fyrstu leiktíð hans með liði Šiauliai í Litháen. Elvar Már segist hafa fundið mikinn mun á sér innan vallar eftir að kærasta hans og barnið þeirra fluttu til Litháens.

hjoarvaro@frettabladid.is

**KÖRFUBOLTI** Elvar Már Friðriksson var á dögumum valinn verðmætasti leikmaður litháisku efstu deildarinnar í körfubolta karla. Það sem gerir þessa nafnbót ansi eftirtektarverða er annars vegar að Elvar Már leikur fyrir Šiauliai sem tryggði sér sæti í úrslitakeppni deildarinnar með góðum lokaspretti.

Elvar Már og liðsfélagar hans fara inn í úrslitakeppnina með sjöunda besta árangurinn. Hins vegar er það svo sú staðreynd að Elvar Már er aðeins fimmti leikmaðurinn í sögu efstu deildar í Litháen, sem er mikil körfuboltaþjóð, sem ekki kemur frá heimalandinu.

Elvar Már skilaði rúmlega 15 stigum að meðaltali og átta stoð-

sendingum í leikjum Šiauliai í deildarkeppninni vetur.

„Þetta er búið að vera sveiflukennt og á margan hátt mjög skrytið tímabil. Í fyrsta lagi hefur árangur liðsins inni á vellinum verið eins og svart og hvítt fyrir og eftir áramót.

Eftir að hafa verið að móta liðið framan af leiktíðinni fengum við síðasta þúslið, reynslumikinn leikmann sem er fyrirlíði lettneska landsliðsins.

Þá fundum við taktinn og komumst á góðan skrið. Eftir að hafa farið sjálfur vel af stað kom smá lægð hjá mér í febrúar, en þá hafði ég verið einn í nýrri borg í nýju landi í fjóra mánuði.

Inn í það kom sóttkvi og mikil einvera þannig að ég var orðinn frekar þungur,“ segir Elvar Már um sitt fyrsta tímabil í Litháen.

### Léttir að fá fjölskylduna

„Það sem hélt mér gangandi var bæði það að ég vissi að fjölskyldan væri á leiðinni út og svo stundirnar með liðsfélögnum í landsliðinu, Martin Hermannssyni, Hauki Helga Pálssyni og Jóni Axel Guðmundssyni í Call of Duty. Þar náði ég að

gleyma mér og fullnægja þörfinni fyrir félagsleg tengsl.

Eftir að kærastan mín og barnið okkar komu svo út í byrjun mars léttist lundin hjá mér og ég byrjaði að spila betur. Þetta er allt annað líf eftir að hafa fengið þau út og það sést berlega á mér inni á vellinum hvað mér líður mikið betur andlega.

Við náðum sem betur fer að koma okkur inn í úrslitakeppnina og mætum þar hinu sögufræga liði Rytas. Við förum inn í það einvígi sem litla liðið en við eigum alveg fína möguleika á að stríða þeim, sérstaklega þar sem einvígið er upp í tvö,“ segir landsliðsmaðurinn um síðustu mánuði og framhaldið í Litháen.

„Það kom hins vegar enn eitt stoppið í tímabilið hjá okkur, þar sem tveir leikmenn greindust með kórónaveiruna í vikunni og ég er á leiðinni í seinni skimun á eftir [síðdegis í gær]. Við erum nokkrir í liðinu sem eru búnir að vera slappir og með hita síðustu daga þannig að það er bara að vona það besta í seinni skimuninni.

Það er allavega búið að leyfa okkur að fresta leiknum, en það var



**Eftir að kærasta mín og barnið komu svo út í byrjun mars léttist lundin hjá mér og ég byrjaði að spila betur.**

Elvar Már Friðriksson

í umræðunni að við þyrftum að gefa leikinn ef við gætum ekki stillt upp liði vegna veikindanna og sóttkvíar.

Þetta er fimmta eða sjötta sóttkviin hjá mér í vetur og ég viðurkenni það alveg að þetta er orðið frekar þreytt. Vonandi er ég Covidlaus og við getum byrjað einvígið sem fyrst,“ segir Elvar, en planið er að fyrsti leikur liðanna fari fram á fimmtudaginn kemur. ■

## Nýtt nafn á bikarinn í Gautaborg

kristinnpall@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Hvort sem Chelsea eða Barcelona hefur betur er ljóst að það verður nýtt nafn skrifad á spjöld sögunnar í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu í kvennaflokki um helgina.

Chelsea er aðeins annað enska félagið í 20 ára sögu keppinnar sem leikur til úrslita en Barcelona stefnir að því að verða fyrsta spænska liðið til að bera sigur úr bítum í henni. Börsungar hafa áður leikið til úrslita en þá stóð hið ógnarsterka lið Lyon í vegi þeirra fyrir fjórum árum. Um leið verður þetta í fyrsta skiptið í sex ár sem eitthvert annað lið en Lyon verður krýnt besta lið Evrópu og fyrsta sinn síðan 2007 sem lið utan Þýskalands og Frakklands hampar titlinum.



**Arsenal er eina enska félagið sem hefur unnið Meistaradeild Evrópu í kvennaflokki.**

Undanfarin tvö ár hefur Chelsea ekki tekist að komast yfir síðustu hindrunina í átt að úrslitaleiknum en með komu Pernille Harder hefur öflugur sóknarleikur liðsins orðið enn betri. Hin danska Harder og hin ástralska Sam Kerr hafa náð vel saman í sóknarlínunni og átt stóran þátt í vegferð Chelsea að úrslitaleiknum þar sem félag-

id hefur meðal annars slegið út þýsku stórliðin Wolfsburg og Bayern München. Brottför hinnar norsk-íslensku Maríu Þórisdóttur til Manchester United virðist ekki hafa sett strik í reikninginn þar sem Chelsea varði enska meistaratitilinn eftir baráttu við Manchester City og getur fylgt því eftir með sigri í Meistaradeild Evrópu um helgina.

Líkt og Chelsea koma leikmenn Barcelona inn í leikinn í Gautaborg í sigurvímu eftir að hafa tryggt sér spænska meistaratitilinn um síðustu helgi þrátt fyrir að eiga átta leiki eftir. Börsungar hafa verið óstöðvandi í deildarkeppninni, unnið alla 26 leikina til þessa og skorað 128 mörk en aðeins fengið á sig fimm. Þetta var annar meistaratitill Börsunga í röð og er Barcelona nú sigursælasta lið Spánar frá upphafi. ■



Danski markahrókurinn Pernille Harder hefur náð vel saman við hina áströlsku Kerr sem var markahæst á nýafstöðnu tímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



# Ferðadagur BL

## 300.000 kr. aukahlutir að eigin vali\*

Komdu á Ferðadaga BL við Sævarhöfða ogaktu út í sumarið á nýjum bíl með veglegum aukahlutum sem passa við áhugamálin þín og lífsstíl.



**Magnaður leiðtogi í tíu ár**

Nissan LEAF

Verð frá 4.490.000 kr.

100% rafmagn



**Rafmagnað ár hjá Renault**  
5 ára ábyrgð

Renault Captur E-Tech


Verð frá 4.490.000 kr.

Plug-in Hybrid

Renault Megane E-Tech

Verð frá 4.790.000 kr.

Plug-in Hybrid



**ISUZU**

**Fimm stjörnu bylting í pallbílum**

Isuzu D-Max Fjór hjóladrífinn  
Verð frá 7.090.000 kr.




**Sportlegi tvisturinn frá BMW**



BMW 225xe Fjór hjóladrífinn  
Verð 6.690.000 kr.

Plug-in Hybrid



**Rafmagnaður 4x4 MINI Countryman SE**

4 ára ábyrgð

**Hannaður fyrir íslenskar aðstæður**



SUBARU XV e-BOXER Fjór hjóladrífinn  
Verð frá 6.490.000 kr.



Pverbogar



Hjólafestingar



Dráttarkrökar



Farangursbox

**Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir?**

Þú getur valið úr hundruðum spennandi aukahluta til að fullkomna nýja bílinn og gera áhugamál fjölskyldunnar ennþá skemmtilegri. Skoðuðu úrvalið á [www.bl.is](http://www.bl.is)

\* Aukahlutir að andvirði 300.000 kr. fylgja öllum nýjum bílum BL við Sævarhöfða að undanskildum MG.

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)





## Dýnamík og dramatík

**Eyrún Ævarsdóttir og Jóakim Meyvant Kvaran** fengu bæði sirkusbakteríuna á unglingsaldri og menntuðu sig í fræðunum í Rotterdam. Undanförunum vikum hafa þau eytt mikið til á hvolfi við undirbúning sýningarinnar Allra veðra von sem frum-sýnd var í Tjarnarbíó í gær.



**Björk Eidsdóttir**  
bjork@frettabladid.is

Sirkusparið Eyrún og Jóakim kynntist í leiklistarstarfi á unglingsárum. „Við fórum fljótlega bæði að mæta á sirkusæfingar hjá hóp sem seinna fékk nafnið Sirkus Íslands. Þar fengum við sirkusbakteríuna nokkuð rækilega og höfum lítið annað getað hugsað um síðan.“ útskýrir Eyrún og heldur áfram: „Við höfum verið saman í að verða tíu ár núna, og höfum á þeim tíma gengið í gegnum ýmislegt. Við fórum bæði í sirkuslistanám í Rotterdam og bjuggum þar í fimm ár, en frá útskrift höfum við búið á Íslandi og starfað sem sirkuslistafólk bæði við sýningar og kennslu.“

Eyrún og Jóakim stunduðu nám við listaháskólann Codarts í Rotterdam, en auk sirkusdeildar er þar dans- og tónlistardeild. Um var að ræða fjögurra ára nám sem lýkur með BA-gráðu í sirkuslistum.

„Eyrún sérhæfði sig í loftfimleikareipi og akróbatík, en ég sérhæfði mig í súluklifri eða chinese pole og akróbatík. Námið er mjög fjölbreytt, en auk sirkustækninnar lærum við fög eins og leiklist, dans, tónlist, spuna, sköpun og fleira,“ segir Jóakim.

„Á þessum fimm árum sem við vorum úti kynntumst við betur sirkusheiminum sem hefur verið að þróast erlendis, þá sérstaklega því sem kallast nýsirkus eða contemporary circus, þar sem sirkusgreinarnar eru teknar út fyrir ramma hins klassíska sirkuss og nýttar sem listform á svipaðan hátt og dans eða aðrar sviðslistir,“ útskýrir Eyrún.

### Sirkusinn fullt starf

Frá heimkomu hafa þau verið sjálfstætt starfandi sirkuslistafólk og eingöngu starfað við það. „Árið 2018 tókum við þátt í að stofna sirkuslistafélagið Hringleik, sem er hópur sirkusfólks sem miðar að því að byggja upp sirkusmenningu á Íslandi og kynna sirkuslistina fyrir Íslendingum í þeim ólíku myndum sem hún getur tekið,“ segir Eyrún og Jóakim bætir við að undanfarin ár hafi þau skapað sjálfstæðar sýningar og komið fram á ýmsum viðburðum.

ingar og komið fram á ýmsum viðburðum.

„Eins höfum við kennt í Æskusirkusnum, sem er sirkusstarf fyrir börn og unglinga og frábær vettvangur fyrir krakka að kynna og æfa sig í sirkuslistum allt árið um kring.“

### Veðráttu og veður-árátta

En að sýningunni sem nú fyllir Tjarnarbíó af loftfimleikum og akróbatík, Allra veðra von, sem þegar liður á mun ferðast um landið og þá vera aðlöguð sýningum undir berum himni, í flestum veðrum.

„Í sýningunni notum við tungumál sirkuslistanna, í þessu tilviki loftfimleika í reipi og trapísu,

akróbatík og súluklifur, í bland við leiklist, tónlist, búninga og ýmislegt annað sprell til að leika okkur með. Veðrið, orkuna í því, hvernig það hefur áhrif á okkur mannfólkið, á samfélagið, á sögurnar og tilfinningar okkar. Í sirkuslistinni höfum við mikla dýnamík og dramatík, en líka léttleikann og fjörið sem á margt sameiginlegt með veðrinu.“

Jóakim segir Allra veðra von vera hálfgerð rannsóknarverkefni hópsins.

„Hugmyndin er sprottin úr leit okkar að leiðum til þess að geta ferðast um landið og sýnt sirkus-sýningar á stöðum sem hafa kannski ekki leikhúsaðstöðu sem hentar undir loftfimleika. Sirkuslistin getur



Eyrún og Jóakim fengu bakteríuna snemma og ákváðu að klára háskólagráðu í sirkuslistum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Jóakim segir það venjast furðulega hratt að vera á hvolfi ef það er stundað reglulega, eins sé sjaldan verra að sjá heiminn frá öðru sjónarhorni.

verið ansi plássfrek og þarf oft mikla lofthæð og mikið pláss til að njóta sín sem best. Okkur langaði því að búa til útsýningu og þá lá beint við að taka íslenska veðráttu og veður-árátta okkar Íslendinga inn í spilið.“

Í hópnum eru tveir sirkuslistamenn sem ólust upp á suðurhveli jarðar, en Tom Burke er frá Hawaii og Nick Candy frá Ástralíu. „Annar kemur því frá hitabeltiseyju og hinn eyðimörk,“ segir Eyrún. „Svo það hafa komið upp fjölmargar áhuga-verðar umræður og hugmyndir um orðanotkun, hegðun og þýðingu veðurs í sköpunarferlinu sem margar hverjar hafa skilað sér inn í sýninguna.“



Þessi leið sem við höfum valið okkur getur oft verið krefjandi og það hefur verið ómetanlegt að geta hjálpast að.

Jóakim

### Ómetanlegt að hjálpast að

Eyrún og Jóakim eru ekki eina parið í sýningunni en þau benda á að það henti vel enda séu margar sirkusgreinar paragreinar. „Þá getur það einfaldað hluti að vera þar, þó að það hafi eflaust flækt þá enn meira hjá mörgum,“ segir Eyrún í léttum tón.

„Þó að vissulega geti það verið krefjandi að vinna svona þétt saman hefur það reynst okkur vel að vera í þessu saman og við finnum mikinn stuðning af hvort öðru. Þessi leið sem við höfum valið okkur getur oft verið krefjandi og það hefur verið ómetanlegt að geta hjálpast að, bæði faglega en ekki síst að geta sýnt hvort öðru skilning þegar lítið annað kemst að,“ bætir Jóakim við. ■



SÆKTU NÝJA APPIÐ!






Í LOFTINU

# VEISTU HVER ÉG VAR?

LAUGARDAGA 16:00-18:30

# BYLGJAN

989



# Televisjón fyrir Júróvisjón.

Við fengum Selmu Björns til að græja Júróvisjónveitingarnar.  
Við erum líka með syngjandi sæt tilboð á Samsung QLED snjallsjónvörpum  
– og fría heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu!



Verð áður 169.990.-  
**Tilboðsverð  
139.990.-**



Verð áður 229.990.-  
**Tilboðsverð  
179.990.-**



Verð áður 329.990.-  
**Tilboðsverð  
269.990.-**



**heimkaup**





Björk  
Eidsdóttir  
bjork  
@frettabladid.is

## Það er verið að brjóta á mér aftur

**Linda Gunnarsdóttir** segir farir sínar ekki sléttar þegar kemur að úrvinnslu lögreglu á ofbeldiskæru sem hún lagði fram gegn fyrrverandi sambylismanni sínum. Kærinni var vísað frá á þeim grunni að um væri að ræða orð gegn orði, þrátt fyrir að áverkavott-orð sýndi átta áverka og árásin væri flokkuð sem alvarleg.

Umræðan í samfélaginu undanfarnar vikur varð til þess að Linda ákvað að stíga fram og segja sína sögu. Meint ofbeldisbrot fjölmiðlamannsins Sólva Tryggvasonar hafa farið hátt í fjölmiðlum en fyrrverandi sambylismaður Lindu, sem hún lagði fram kæru gegn fyrir ári síðan, hefur undanfarnar vikur fengið töluvert pláss í fjölmiðlum sem hún segir hafa ýft upp sárin í hvert sinn.

„Hann var í sjónvarpsþáttum sem gerði það að verkum að hann var mikið í umfjöllun og það birtust jafnvel stórar myndir af honum á strætóskýlum.“ Linda segir umfjöllunina hafa gert það að verkum að henni var komið í tengingu við fleiri konur sem lagt hafi fram kæru á hendur manningum, meðal annars Söru Regal.

### Héldu að þær stæðu einar

„Það er ástæðan fyrir því að við komum allar saman. Það er trigger fyrir okkur að hann væri skyndilega kominn inn í stofu til okkar. Þess vegna fóru allar að tala um reynslu sína aftur og þannig komumst við í samskipti, en við þekktumst ekkert áður. Við héldum allar að við stæðum einar með okkar sögu og þegar við heyrðum af hinum varð áfallið enn stærra enda sást þá að

ofbeldið var kerfisbundið,“ segir Linda og bendir á að jafnframt sé maðurinn með trúnaðarmann í AA-samtökunum sem hafi verið hann út á við og sagt sögur af ofbeldi vera lygar. „Hann er með fjölmiðlamann á sínum snærum. Sá er með mikið stærra platform en við og vill meina að hann sé góður strákur.“

### Var brotin þegar þau kynntust

„Við vorum saman í um tvö ár, svona „on and off“. Hann hitti mig á tímamarki þar sem ég var gjörsamlega búin andlega. Besti vinur minn var nýdávinn og ég var bara brotin. Það er kannski eitthvað sem hann leitadist eftir,“ segir Linda sem var 29 ára þegar sambandið hófst.

„Við byrjum saman og það var allt mjög gott fyrst og hann æðislegur þó það hafi auðvitað komið upp atriði sem ég sá alveg að voru ekki í lagi. Hann fór þó eiginlega ekki að sýna sitt rétta andlit fyrir en við fluttum inn saman. Þetta hófst á andlegu ofbeldi, það voru athugasemdir um hversu heimskt ég væri þegar ég var að setja lak á rúmið, gerði það aldrei rétt og þar fram eftir götunum. Svo fór hann að segja mér hvernig ég ætti að klæða mig og hvernig ég ætti að greiða á mér hárið.“

Ég sagði einhvern tíma við hann: „Værirðu einhvern tíma til í að hrósa mér?“ En hans svar var: „Nei, ég ætla ekki að hrósa þér, ég ætla að brjóta þig niður svo ég geti í framhaldi byggt þig upp eins og ég vil hafa þig.“

### Lét högginn dynja

Linda lýsir atvikinu sem hún kærði til lögreglu.

„Það var þannig að hann kom heim af fylleríu og mig grunaði að hann hefði verið að sofa hjá einhverri stelpu. Ég kíkti því í símann hans og sá að hann var að senda

### Þögnin besti vinur ofbeldisfólks

Ragna Björg Guðbrandsdóttir er teymisstjóri Bjarkarhlíðar, miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis, og félagsráðgjafi að mennt.

Ragna segir verklag lögreglu í kynferðisbrotamálum hafa verið að þróast þó að niðurfellingar eins og í tilfelli Lindu séu erfiðar viðureignar.

„Þegar mál til að mynda eru felld niður hjá héraðssaksóknara býður hann núorðið brotþola upp á viðtal til að skýra ákvörðunin. Þetta verklag byrjaði í Vestmannaeyjum en er nú um allt land,“ og segir Ragna það mjög til bóta.

Kæra Lindu er felld niður á þeim grundvelli að um sé að ræða orð gegn orði og meintur gerandi neiti sök.

„Varðandi orð gegn orði myndi ég vísa ég í greinargerð Hildar Fjölu Antonsdóttur, Réttlát málsmeðferð með tilliti til þolenda kynferðisbrota frá árinu 2019.“

### Sjaldnast vitni til staðar

Þar er svoltið verið að benda á að ekki sé hægt að nota sömu sönnunarfærslu þegar kemur að ofbeldi í nánum samböndum enda eru sjaldnast vitni til staðar auk þess sem svo margt er undirliggjandi. Oft er um að ræða andlegt ofbeldi og hótanir sem brotþoli þarf að stíga út úr til að komast út úr ofbeldissambandi, hvað þá að kæra gerandann,“ segir Ragna og bendir þannig á að flókið geti verið að fyrir þolanda ofbeldis í nánu sambandi að kæra. „Í alvarlegustu ofbeldismálum leggur lögreglan sjálf fram kæru svo brotþoli þarf ekki að gera það.“

Ragna bendir jafnframt á að um flóknar rannsóknir sé að ræða.

„Í Bjarkarhlíð vinnum við bara með brotþolum og erum því



Ragna Björg  
Guðbrands-  
dóttir,  
teymisstjóri  
Bjarkarhlíðar.  
MYND/ AÐSEND

aðeins með þeirra hlið en það er bara ákærvaldið sem hefur öll gögnin.“

### Kerfi lengi að breytast

Hinn rökstuðningurinn fyrir frávisun kæru Lindu var að nokkuð langt væri um liðið sem gerði sönnunarstöðu málsins erfiða en Ragna segir það eðli mála sem fjalla um ofbeldi í nánum samböndum, að þau geta komið seint fram.

„Maður myndi ætla að það þyrfti að horfa til þess í rannsókninni. Dómstólarnir og réttarvörslukerfið hefur kannski ekki náð að fylgja eftir þróuninni sem hefur orðið á þekkingu okkar á afleiðingum ofbeldis, sem eru sannarlega miklar. Maður sér samt að réttarvörslukerfið er að taka betur á þessum málum, sem mér finnst merki um þróun í rétta átt. En það tekur svo langan tíma fyrir kerfi að breytast.“

Linda nefnir það í viðtalinu að hafa upplifað frávisun kæru sinnar eins og verið væri að brjóta á henni aftur og segist Ragna oft heyra svipaðar upplifanir frá skjólstaðingum sínum.

### Óvinnufærar og heilsulausar

„Margar konur verða óvinnufærar og missa heilsuna á meðan kærufærið er í gangi. Hvað þá þegar niðurstaðan er þessi, að málinu sé vísað frá. Þetta er mikið álag og við heyrum þetta oft, að upplifunin sé eins og aftur sé brotið á þolandanum.“

Linda segir upplifunina af því að kæru hennar hafi verið vísað frá svipaða því að brotið sé á henni aftur.  
FRÉTTABLAÐIÐ/  
ERNIR



Við héldum allar að við stæðum einar með okkar sögu og þegar við heyrðum af hinum varð áfallið enn stærra enda sást þá að ofbeldið var kerfisbundið.



# ALLT FYRIR HELGINA

# Í NÆSTU VERSLUN NETTÓ!

## TILBOÐ GILDA 15. – 16. MAÍ



**KJÚKLINGABRINGUR  
KLÁRAR Á GRILLIÐ!**

**37%  
AFSLÁTTUR**

**1.679 KR/KG**  
ÁÐUR: 2.665 KR/KG

KJÖTSEL



Grísabógsneiðar  
Léttreyktar  
**839 KR/KG**  
ÁÐUR: 1.199 KR/KG



Psyllium Husks mjöl  
Now - 454 gr  
**1.289 KR/STK**  
ÁÐUR: 1.719 KR/STK



**LAMBA RIB-EYE**  
Í MIÐJARÐARHAFSMARINERINU

**30%  
AFSLÁTTUR**

**2.799 KR/KG**  
ÁÐUR: 3.999 KR/KG



**36%  
AFSLÁTTUR**

**Skinney ýsubitar**  
1 kg  
**1.196 KR/KG**  
ÁÐUR: 1.869 KR/KG



**22%  
AFSLÁTTUR**

**Nauta rib-eye**  
Smjörhjupað  
**5.927 KR/KG**  
ÁÐUR: 7.599 KR/KG




**25%  
AFSLÁTTUR**

**Castello ostur**  
Red Chili  
**614 KR/PK**  
ÁÐUR: 819 KR/PK



**Bökunarkartöflur**  
**125 KR/KG**  
ÁÐUR: 249 KR/KG

**50%  
AFSLÁTTUR**



**VERSLAÐU  
Á NETINU**

**WWW.NETTO.IS**

**nettó**

Lægra verð - léttari innkaup

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.  
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



henni skilaboð um hversu gott það hefði verið að sofa hjá henni. Þetta var auðvitað kærastinn minn svo ég bara trompaðist. Ég vakti hann og sagði honum að drulla sér út – þetta væri búíð. Hann kýldi mig í andlitið svo það sprakk á mér vörin. Ég reyndi að segja honum að fara út en hann hélt áfram að láta högginn dynja.“

Linda gerir hlé á frásögn sinni sem augljóslega tekur á.

„Maður var orðinn svo mikil brúða og lét sig hafa ýmislegt sem fór yfir mörk manns og maður vildi ekki. Maður er algjörlega orðinn undir stjórn einhvers aðila enda kominn á það stig að finnast maður ekki mikils virði,“ segir hún og heldur áfram með frásögnina af morgninum örlagaríka:

„Hann tók beltið af buxunum sínum og sló mig með sylgjunni í bakið. Ég er hágrenjandi þegar hann kemur á eftir mér inn í stofu og hrindir mér þannig að ég dett í gólfíð á öxlina og finn strax að það er eitthvað mikið að. Ég ligg þarna hágrenjandi og hann fer inn í rúm að sofa.“

#### Vinkona keyrði hana á spítala

Ég hringdi þá í vinkonu mína, sagði henni hvað hefði gerst og að ég væri viss um að ég væri farin úr axlarlið og hún yrði að fara með mig upp á spítala. Ég var í algjörru hysteríu og öðrum heimi.“

Þegar komið var á bráðamóttöku segist Linda hafa verið spurð hvað hafi komið fyrir hana. „Ég svaraði að ég hefði dottið og var þá spurð aftur hvað hefði komið fyrir mig. Þá brotnaði ég saman og sagðist hafa orðið fyrir líkamsárás af völdum kærasta míns. Þá var tekin skýrsla af mér og myndir. Í ljós kom að ég var viðbeinsbrotin, með sprungna vör, með áverka á höfði og sár, ég var með handaför á bakinu, og á kviðnum sem var hringlaga, eins á bakinu og með mar á úlnliði og rist.“

Samkvæmt áverkavottorði undirrituðu af sérfræðilækni á bráða- og göngudeild Landspítala háskóla-sjúkrahúss, Fossvogi, voru áverkarinnir á líkama Lindu átta talsins.

#### Sagðist hafa lent í árekstri

Linda segist í kjölfarið fljótlega hafa farið aftur til sambýlismanns síns. „Það er eiginlega bara þannig. Hann baðst afsökunar á þessu og ég elskaði hann svo mikið. Ég sagði samt strax mömmu og pabba hvað hefði komið fyrir svo ég varð að halda sambandi okkar leyndu. Ég gat ekki sagt neinum að við værum byrjuð aftur saman.“

Linda fór í skólaferðalag stuttu eftir árásina með höndina í fatla og sagði við alla að hún hefði lent í árekstri. „Sömu sögu sagði ég þegar við fórum í mat til foreldra hans og ég sat við hlið hans í fatla.“

Linda segist þó hafa bundið enda á sambandið um hálfu ári síðar.



Linda og Sara vissu ekki hvor af annarri fyrr en þær voru leiddar saman og hafa nú kært sama manninn fyrir ofbeldi en þriðja kærnan liggur jafnframt fyrir. Þær segjast hafa sótt mikinn stuðning hver til annarrar, allar þrjár.

#### Slóð af brotnum konum

Sara Regal var í ástarsambandi við umræddan mann árið 2019. Hún hefur nú lagt fram kærnu til lögreglu vegna ofbeldis sem hún segist hafa orðið fyrir af hans hálfu á því tímabili.

Hún treysti sér ekki til að segja sögu sína í viðtali við Fréttablaðið en stígur þó fram til að styðja við sögu Lindu og standa með öðrum konum sem hún segist vita til þess að hafi lent í sama manni.

„Umræðan í þjóðfélaginu upp á síðkastið er búin að vera þung fyrir alla þolendur ofbeldis, hún yfir upp gömul sár og ekki sist vegna þessarar gifurlegu gerendameðvirkni sem er ekkert nema þjóðfélagsmein. Það er eins og ofbeldi ofan á ofbeldi þegar maður sér geranda sinn halda áfram að lifa sínu lífi eins og ekkert hafi í skorist, og sé

jafnvel hampað í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum á meðan maður er sjálfur að tina saman brotin og glíma við afleiðingar ofbeldisins,“ en Sara hefur verið greind með áfallastreitu í kjölfar brotsins og hefur sálfræðingur staðfest það við Fréttablaðið.

#### Sársaukafullt ferli

„Hann er búinn að skilja eftir sig slóð af brotnum konum og ég hef verið í tvö ár að tjasla mér saman,“ segir hún.

„Síðan er það bara staðreynd að réttarkerfið er okkur ekki í hag. Mér var beinlínis ráðlagt frá því að leggja fram kærnu af nokkrum mismunandi aðilum sem hafa gengið í gegnum allt kærufarlið og þeirra mál endað með niðurfellingu eða sýknu. Þau segja að þetta sé allt of langt og sársaukafullt ferli sem í

langflestum tilfellum skili engu, nema því að tefja fyrir þeirra eigin heilunarferli. Það leikur sér enginn að því að kæra, við vitum þegar við förum út í það að tölfræðin vinnur ekki með okkur, en þetta er auðvitað eina leiðin til að leita réttar síns þegar brotið hefur verið á manni.“

Sara lagði fram kærnu á svipuðum tíma og Linda, eða fyrir um ári síðan, og hefur ekki enn fengið viðbrögð við henni frá lögreglu.

Allar eru þær þrjár sem lagt hafa fram kærnu með sama lögmanninn, Oddgeir Einarsson hjá Land Lögmönnum. Þær þekktust ekki fyrir en voru leiddar saman þegar umfjöllun um nýtt samband mannsins komst í hámaði í fjölmiðlum og hafa allar leitað sér aðstoðar hjá Bjarkarhlíð.



**Hann sagði í yfirheyrslu að ég hefði stigið aftur fyrir mig en var ekki spurður út í hvernig ég hefði annars fengið alla þessa áverka.**

Linda

#### Ekki kallað eftir myndum

„Í skýrslu lögreglu segir að engar myndir fylgi, en í áverkavottorðinu segir að myndir séu til, lögregla verði einungis að biðja um þær. Það stendur handskrifað af lækni auk þess að hann skrifar að ég hafi komið vegna árárs kærasta sem hafi meðal annars barið mig með beltissylgju, eins lýsir hann því í hvernig ástandi ég er, gjörsamlega í áfalli. Það er eins og lögreglan hafi ekki skoðað þetta enda kallar hún hvorki foreldra mína né aðrar konur sem ég sagði frá að hefðu orðið fyrir ofbeldi af hans hálfu til sem vitni.“

Þegar Linda fékk þær fregnir að kærnu hennar væri vísað frá ákvað hún að kæra frávisunina og kalla eftir fundi við Sigríði Björk Guðjónsdóttur ríkislögreglustjóra.

„Hún hefur gefið sig út fyrir að vilja berjast gegn heimilisofbeldi en þegar ég hef samband er ég spurð um hvað málið varði þegar ég segist vilja ræða þessi mál við hana, enda sé ég sjálf þolandi með kærnu í gangi.“

Svörin sem ég fékk var að hún væri ekki með mitt mál og því gæti hún engu svarað. Ég kom því að lokum dyrum og var bent á að hafa samband við lögreglustjóra, Höllu Bergþóru Björnsdóttur, þar sem ég kem aftur að lokuðum dyrum. Þær voru ekki með mitt mál til rannsóknar en sjálf vildi ég ræða vinnubrögð lögreglunnar í þessum efnum. Þetta eru mjög viðkvæm mál sem lögreglan hefur til rannsóknar en mér finnst þau bara hafa verið rannsökuð með rassgatinu.“

#### Hann nýtur vafans

„Mér finnst ég hafa orðið fyrir ofbeldi af hálfu gerandans og nú aftur af hálfu lögreglunnar. Það er bara verið að brjóta á mér aftur. Það er ekkert réttlæti, ekki neitt. Það að mitt mál hafi verið fellt niður með öll þessi gögn, þegar ég loksins kærði hann eftir allan þennan tíma, sýnir að réttarkerfið stendur með ofbeldismanninum en ekki þolanda og hann fær að njóta vafans.“

Lindu finnst fyrningartími slíkra mála of stuttur enda geti tekið tíma að koma sér út úr ofbeldissambandi.

„Ef ekki er um alvarlega líkamsárás að ræða fyrnist ofbeldið á tveimur árum en ef árásin er alvarleg þá eru það fimm ár. Þegar um heimilisofbeldi er að ræða er þetta flókið því þolandi er kannski áfram í sambandinu í segjum þrjú ár eftir ofbeldið. Þegar þolandiinn svo kemst loks út úr sambandinu er brotið þá mögulega fyrnt.“

Hún ítrekar að saga hennar sé ekkert einsdæmi. „Við erum sex konur sem höfum orðið fyrir ofbeldi af hans hendi, allar hver úr sinni áttinni en erum bara þrjár sem treystum okkur til að kæra. Ein í viðbót lagði svo inn skýrslu hjá lögreglunni.“

Linda hefur kært frávisun lögreglu og fer fram á að málið sé tekið upp, svars er að vænta í næstu viku.

„Svona menn þarf að stoppa og réttarkerfið þarf að standa með okkur. Markmið mitt er að fá réttlætið fram þar sem augljóslega var brotið á mér og aðallega að reyna að koma í veg fyrir það að menn eins og hann komist upp með slíkt ofbeldi gagnvart konum,“ segir Linda. ■

**Dimission framundan?**  
Við reddum búningunum þið veljið og við gerum ykkur tilboð

**HOKUS POKUS**

[www.hokuspokus.is](http://www.hokuspokus.is)  
Verslun og vefverslun  
Laugavegi 69 S. 551-7955

„Ég vissi að ég gæti ekki verið með honum lengur. Ég fann að ástin var farin og þegar ástin var farin náði ég einhvern veginn að slíta þessi bönd sem hann var búinn að festa mig í.“

#### Orð gegn orði

Linda segist ekki hafa unnið úr áfallinu sem hafi haft rosaleg áhrif.

„Nú er ég komin í annað samband með aðila sem styrkir mig í öllu sem ég geri og finn það að ég er gjörsamlega brotin eftir þetta samband. Ef ég lendi í aðstæðum þar sem einhver æsir sig frýs ég bara og sjálfsöruggið er svo brotið að ég á erfitt með að standa á mínu.“

Linda kærði atvikið fimm árum síðar eins og fyrr segir sem er innan fyrningarfrests þegar um alvarlega líkamsárás er að ræða eins og þessi árás er flokkuð.

„Ég áttaði mig ekki almennilega á hverju ég hefði orðið fyrir fyrr en ég fór að opna á það.“

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu vísaði kærnunni frá með eftirfarandi orðum:

„Í máli þessu standa orð gegn orði en engin vitni eru til staðar. Sönnunarstada málsins er því mjög erfið en nokkuð langt er um liðið síðan atvik áttu sér stað og gegn eindreginni neitun kærða, og á grundvelli fyrirliggjandi gagna í málinu, er það mat lögreglu að frekari rannsókn verði ekki til þess að upplýsa nánar um málsatvik.“

„Ég lendi í þessu ofbeldi sem ég kærði. Ég er með vitni sem kemur og sækir mig. Ég er með áverkavottorð. Það eru teknar myndir af mér uppi á spítala. Ég tilgreini foreldra mína sem vitni og ég nefni aðrar konur sem hafa kært hann fyrir ofbeldi. Hjá lögreglu er mál mitt fellt niður því það er sagt orð gegn orði og það sé svo langt um liðið. En þetta er þó innan fyrningartímans. Hann sagði í yfirheyrslu að ég hefði stigið aftur fyrir mig og dottið en var ekki spurður út í hvernig ég hefði annars fengið alla þessa áverka,“ segir Linda og bendir á að erfitt væri að fá þá áverka sem í vottorðinu sé lýst með því einu að detta aftur fyrir sig.



# HEFJUM LEIKANA!



5 ÁRA  
ÁBYRGÐ!

20%  
AFSLÁTTUR

Leikjaborð Fighter  
TILBOÐSVERÐ: 36.119.-  
Verð: 45.149.-



5 ÁRA  
ÁBYRGÐ!

20%  
AFSLÁTTUR

Leikjastóll Commander  
TILBOÐSVERÐ: 30.383.-  
Verð: 37.979.-



34%  
AFSLÁTTUR

Bose QC35II Quiet Comfort  
TILBOÐSVERÐ: 34.990.-  
Verð: 52.999.-



5 ÁRA  
ÁBYRGÐ!

20%  
AFSLÁTTUR

Tölvumús Eliminator  
TILBOÐSVERÐ: 3.839.-  
Verð: 4.799.-



5 ÁRA  
ÁBYRGÐ!

20%  
AFSLÁTTUR

Nuddpúði í leikjastól  
TILBOÐSVERÐ: 6.639.-  
Verð: 8.299.-



20%  
AFSLÁTTUR

Leikjamotta XXXXL  
TILBOÐSVERÐ: 6.079.-  
Verð: 7.599.-



Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Laugavegi 77  
Hallarmúla 4  
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður  
Kringlunni suður  
Smáralind  
Hafnarfirði - Strandgötu 31  
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Akranesi - Dalbraut 1  
Ísafirði - Hafnarstræti 2  
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2  
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðsverð gilda til og með 31. maí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



# Einstakt tækifæri til að fá innsýn í hugarheim hönnuða



Steingerður Sonja Þórisdóttir steingerdur@frettabladid.is

HönnunarMars er nú haldinn í þrettánda sinn, og það í maí vegna Covid-19. Stjórnandi hátíðarinnar, **Þórey Einarsdóttir**, segir starfsmenn og þátttakendur hafa sýnt mikinn dugnað við að aðlaga hátíðina breyttum aðstæðum.

**H**önnunarhátíðin HönnunarMars er nú haldin í þrettánda skiptið og eru viðburðir henni tengdir haldnir víðs vegar um höfuðborgarsvæðið. Um er að ræða stærstu hönnunarhátíð landsins, sem er haldin í maí í ár vegna Covid-19. Hátíðin hefur þurft að aðlaga sig breyttri heimsmynd og var til að mynda haldin í júní í fyrra. Þórey Einarsdóttir er stjórnandi hátíðarinnar.

„HönnunarMars fæddist í miðju hrúni, árið 2009. Hátíðin kemur inn með krafti á hverju ári, veitir innblástur og gleði ásamt því að varpa ljósi á þann skapandi kraft sem hönnunarsamfélagið hér á landi hefur að geyma. HönnunarMars er ein af sex borgarhátíðum Reykjavíkurborgar. DNA hátíðarinnar er síbreytilegt eftir því hvaða hönnuðir og arkitektar taka þátt hverju sinni. Og það er akkúrat það sem gerir hátíðina einstaka,“ segir Þórey.

*Hvert er mikilvægi HönnunarMars fyrir listasenu á Íslandi?*

„Á HönnunarMars gefst tími fyrir samtalið. Það er mikilvægt að geta átt samtalið. Og að kanna og kynnast því hvað kollegar þínir eru að gera. Í daglegu amstri gefst oft ekki tími fyrir það. Þannig verða til tengingar og þræðir sem annars hefðu ekki orðið til. Það má segja að HönnunarMars sé á sama tíma uppskeruhátíð hönnunarsamfélagsins, þar sem almenningi gefst kostur á að sjá það sem er í gangi hverju sinni. Hátíðin er stærsta kynningaraflið þegar kemur að því að miðla íslensku hönnun og arkitektúr héraðs og erlendis og því gríðarlega mikilvægur vettvangur,“ svarar hún.

HönnunarMars er einstakur að því leyti að allar greinar hönnunar og arkitektúrs koma saman undir einni regnhlíf sem skapar fjölbreytta dagskrá með eindæmum, að sögn Þóreyjar.

„Það að hafa aðgengi að fjölbreytileikanum í formi viðburða og sýninga er einstök upplifun.

Bæði fyrir hönnuðina, arkitektana og almenning. HönnunarMars er sannkölluð þátttökuhátíð þar sem almenningi gefst einstakt tækifæri til að fá innsýn í hugarheim hönnuða og arkitekta. Með dagskrá sem er svona fjölbreytt er óhætt að fullyrða að það sé eitthvað fyrir alla.“

Þórey viðurkennir að það hafi sannarlega reynt á að skipuleggja hátíð af þessari stærðargráðu í skugga heimsfaraldurs.

„Dagsformið er misjafnt en heilt yfir hefur það gengið vel og þökk sé frábæru teymi HönnunarMars, þátttakendum sjálfum og ekki síst öllum okkar frábæru samstarfsaðilum. Eftir þetta ár er komin ákveðin reynsla í að hvíla í óvissunni og að aðlaga sig aðstæðum hverju sinni. Þetta hefur verið mjög lærdómsríkt, svo ekki sé meira sagt.“

Þórey segir að af nógu verði að taka og dagskrá í boði fyrir alla aldurshópa.

„Já, svo sannarlega. Nú er HönnunarMars í maí að bresta á í allri sinni dýrd. Á dagskránni eru um 85 sýningar sem breiða úr sér um bæinn og er dagskráin fjölbreytt sem aldrei fyrr og það er eitthvað fyrir alla. Þykjó, Krakkaklúbburinn Krummi á Listasafni Íslands, Maðurinn í skóginum og Allir út að leika eru til dæmis frábærir viðburðir fyrir fjölskylduna að upplifa saman svo fátt eitt sem nefnt,“ segir hún.

*Getur þú bent á einhverja viðburði sem þú ert sérstaklega spennt fyrir, eða er það eins og að velja á milli barnanna sinna?*

„Já, það er eiginlega eins og að gera upp á milli barnanna sinna,“ segir Þórey og hlær. „Hins vegar get ég lofað því að það er mikið um áhugaverðar og skemmtilegar nálganir í dagskránni, til dæmis í vinnuferlum og þverfaglegum samstarfsverkefnum þar sem hönnuðir úr ólíkum greinum vinna saman. Nú geta gestir sett saman sína dagskrá á heimasíðu HönnunarMars, sett inn í dagatölin og skipulagt næstu daga,“ bætir hún við.

Fyrir þá sem vilja leiðsögn um dagskrána er tilvalið að kíkja á dagskrársíðuna og finna Minn hönnunarMars, þar sem vel valdir einstaklingar hafa rýnt dagskrána og valið sýningar til að sjá.

„HönnunarMars býður alla velkomna og við erum spennt að sjá bæinn lifna við í næstu viku.“ ■



Þórey Einarsdóttir er stjórnandi HönnunarMars. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Það má segja að HönnunarMars sé á sama tíma uppskeruhátíð hönnunarsamfélagsins.

## Sýnir tillögur að nýjum líkamspörtum

Vöruhönnuðurinn Harpa Hrund Pálsdóttir skoðar óvenjulegar lausnir til að nýta og endurskoða vandamálið sem skapast hefur í heiminum vegna rusls.

„Ég lærði vöruhönnun í Listaháskóla Íslands. Eftir útskrift flutti ég til Kaupmannahafnar og fór í starfsnám hjá „altmuligt“ hönnuðinum Henrik Vibskov. Þegar ég kom heim eftir það ævintýri sótti ég um í MA Design námið í LHÍ sem þeir Garðar Eyjólfsson og Thomas Pausz voru að taka yfir og þeir buðu mig velkomna í það,“ segir hún.

*Segðu mér frá verkefnum þínum og hönnun sem þú sýnir á hátíðinni í ár.*

„Verkefnið mitt tekur á vandamálinu sem rusl er. Mér fannst kominn tími á að endurskoða það hvernig við tæklum þetta vandamál. Eitt skipti þegar ég



Tiðar ferðir í Sorpu urðu Hörpu Hrund innblástur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

var í Sorpu fannst mér eins og vélarnar væru að tyggja ruslið, þá fékk ég þá hugmynd að við gætum bara borðað ruslið okkar. Sú hugmynd leiddi mig í rannsóknir á líkamanum og hverju við þyrftum að breyta við hann til þess að geta borðað rusl. Því sýni ég tillögur að nýjum líkamspörtum,“ útskýrir Harpa.

Þessi áhugi kviknaði fyrst í vöruhönnunarnáminu.

„Svo lá það í dvala þangað til fyrir um tveimur árum þegar ég þurfti að fara ansi margar Sorpuferðir í vinnunni minni.“

Harpa segist oftast fá innblástur úr sínu nánasta umhverfi.

„Það tengist oft einhverju sem ég er að gera í mínum hversdegi, eins og að fara rosa oft á Sorpu,“ segir hún og hlær.

*Hvert finnst þér mikilvægi hátíðar sem þessarar vera fyrir íslensku listasenu?*

„Það er svo mikilvægt að sýna sig og sjá aðra. Það er kannski klisja en samtalið er svo mikilvægt og það gerist á hátíðum eins og HönnunarMars.“

Þessi HönnunarMars í ár er mikilvægur fyrir mig því ég er að taka þátt í fyrsta skipti með mína eigin hönnun og er hrikalega spennt fyrir því með dassi af stressi.“



Eygla Margrét byrjaði að glugga í bækur Hugleiks fyrir ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Við erum draumadúó

Fatahönnuðurinn Eygló Margrét Lárusdóttir og listamaðurinn og grínistinn Hugleikur Dagsson frumsýna nýtt samstarf sitt á HönnunarMars.

„Þetta er fatalína sem er byggð á myndasögubókinni Opinberun eftir Hugleik. Ég gjörsamlega féll fyrir þeirri bók. Litasamsetningarnar og teikningarnar eru svo ótrúlega fallegar og svo hef ég alltaf verið svolítið geimnórd. Þetta höfðaði mjög sterkt til mín,“ segir Eygló.

„Ég er bara upp með mér að einhver hafi lesið þessa bók. Hún var ein af mínum tilraunum til að gera ekki kúk-og-piss en enginn las hana því hún var ekki kúk-og-piss. Og svo er ég skammaður fyrir að gera bara kúk-og-piss. „Can't win in this bransi, am I right?“ Það er samt alveg smá kúk-og-piss í Opinberun. En ég er glaður að Eygló notaði það ekki,“ segir Hugleikur og hlær.

*Hvernig kom samstarfið til?*

„Hugleikur vildi verða tiskupési,“ fullyrðir Eygló. „Ég vildi verða tiskupési,“ viðurkennir Hugleikur.

Eygló segir samstarfið hafa gengið mjög áreynslulaust fyrir sig.

„Eiginlega bara draumadúó. Það hefur alltaf skipt mig mjög miklu máli að það sjáist að ég hafi notið þess að hanna línurnar mínar. Að þær séu svolítið skemmtilegar. Það er alveg augljóst í þessu tilviki,“ bætir hún við.

„Já, áreynslulaust er rétta orðið. Hún sagði bara „ég vil taka þetta og þetta og gera þetta og þetta“ og ég sagði bara „go crazy“,“ segir Hugleikur.

„Ég byrjaði að grúska í bókunum hans í janúar. Sá fljótt að ég vildi vinna með geimþemað hans í Opinberuninni. En svo á þetta verk hans vegar eftir að lifa að eilífu,“ segir Eygló.

„Ég skrifaði bókina 2011, held ég. Svo lá hún í dvala í áratug og Eygló vakti hana á hárréttum tíma.“

*Hvert er mikilvægi HönnunarMars í íslensku listasenu?*

„Ég er hrifinn af praktískri fegurð. Og þykir hæfileikinn til að geta dregið slíkt yfir í hina fýsisku vidd göldrum líkastur,“ svarar Hugleikur.

„HönnunarMars er í sérstöku uppáhaldi hjá mér. Það kemst ekkert annað að hjá mér þá daga enda er ég rosalega dugleg að fara og sjá sem flest. Þetta er bara maraþon,“ bætir Eygló við.



Jeep | 4xe

KOMDU Í REYNSLUAKSTUR!

PLUG INTO MORE  
ADVENTURE

THE 2021 WRANGLER  
4xe



\*Miðað við svartan lit. Aðrir litir 100.000 kr.

GOÐSÖGNIN RAFMÖGNUM

ALVÖRU JEEPI MEÐ 100% DRIFLÆSINGUM Á VERÐI SEM Á  
SÉR ENGAN SAMANBURÐ OG NÚ 374HÖ/637NM

NÝR WRANGLER RUBICON 4xe PLUG-IN-HYBRID

VERÐ FRÁ KR. 9.490.000\*

LAUNCH EDITION KR. 10.490.000\*

35"-40" ÍSBAND BREYTINGAPAKKAR Í BODI FRÁ KR. 300.000

 **ISBAND**

UMBODSADILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR  
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • JEEP.IS • ISBAND@ISBAND.IS  
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • OPIÐ LAUGARDAGA 12-16





Karl Fannar Sævarsson fyrir framan Háaleitisbraut 109, eina af fimm uppáhaldsblokkunum sínum, hönnun Sigvalda Thordarsonar og í einkennislitum hans, bláum og gulum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Allir undir einu þaki



Björk Eidsdóttir  
bjork  
@frettabladid.is

**Karl Fannar Sævarsson** hefur lengi haft mikinn áhuga á því byggða umhverfi sem við höfum skapað okkur og eru blokkir þar efst í virðingarlistanum, enda blokkir bestar.

**K**arl Fannar sem á að baki menntun í húsgagnasmíði, mannfræði, hnattrænum fræðum og opinberri stjórnsýslu, hefur lengi haft mikinn áhuga á byggingarlist, mismunandi byggingarstílum og öðru sem snertir borgarlandslag.

„Það má í raun segja að áhugi minn á félagslegum þáttum og byggingarlist hafi sameinast í eitt þegar ég stofnaði Instagram-síðuna. Blokkir eru bestar.“

Á umræddri Instagram-síðu birtir Karl reglulega myndir af blokkum borgarinnar, en landsbyggðin er þó ekki alveg undanskilin. Myndbirtingarnar skapa svo líflegar umræður fylgjenda síðunnar.

„Mér finnst dásamlegt hvernig fólk, eins mismunandi og það er, kemur saman undir einu þaki til að lifa sínu lífi. Við mannfólkið erum félagsverur og okkur líður vel í kringum annað fólk. Mannfólk hefur í gegnum tíðina oft búið þröngt, stundum kannski full þröngt,“ segir Karl.

„Hér heima á Íslandi má glögglega sjá þetta á langhúsunum sem fyrstu íbúar þessa lands bjuggu í, svo varð ákveðin þéttbýlismyndun, sem reyndar varð bakslag á um tíma, en að lokum er staðan sú að yfir 90

prósent landsmanna búa í þéttbýli.“

Karl bendir á að vissulega sé Ísland dálítið öfgafullt dæmi, en þróunin sé þessi um allan heim, sérstaklega í velmegunarsamfélögum.

## Fyrstu blokkir landsins

„Fyrstu blokkir landsins eru blokkirnar tvær við Hringbraut 37-47. Vissulega bjó margt fólk undir sama þaki fyrir þann tíma, en þegar Hringbraut 37-47 voru reistar var að hefjast mesta velmegunartímabil í sögu þessa lands. Bygging blokka þar sem fólk af lægri stéttum var boðið upp á heilsusamlegt og mannsæmandi húsnaði var því hluti af þeim uppgangi og velmegun sem átti eftir að einkenna íslenskt samfélag á eftirstíðisárunum,“ segir hann.


Þegar Karl var í fyrrasumar á ferðalagi um landið ásamt fjölskyldu sinni segist hann hafa orðið uppnuminn af því að sjá blokkir í mörgum sjávarþorpum.

„Ég myndaði sumar af þessum blokkum og að lokum var ég kominn með dágott myndasafn.“ Hann mundi þá eftir Instagram-síðu um arkitektinn Sigvalda Thordarson sem listamaðurinn Logi Höskuldsson eða Loji heldur úti.

„Ég vissi þá að hugmynd mín um að stofna Instagram-síðu um blokkir væri kannski ekki eins galin og hún kann að hljóma. Svo fór að ég stofnaði síðuna og hef bara haft virkilega gaman af þessu. Fólk virðist hafa tekið vel í þetta, það eru allavega töluvert fleiri að fylgja síðunni en ég hefði getað gert mér vonir um.“

## Hóla-blokkirnar heilagar

Sjálfur býr Karl í fjölbýlishúsi sem er kjallari, tvær hæðir og ris. „Einhverjir myndu kalla þetta blokk, en persónulega finnst mér að blokk þurfi að vera allavega þrjár fullar



Langahlíð er að mati Karls alger klassi. Blokkin sem kemur með mödernismann.

## Fimm flottustu blokkirnar

Það var ekki annað hægt en að fá blokkaraðdáandann mikla til að nefna topp fimm blokkir landsins að hans mati. Hann sagðist sveiflast svolítið til og frá en eins og er væru þessar fimm í sérlegu uppáhaldi:

- Hringbraut 37-47, Fyrstu blokkir Íslands, ekki spurning.
- Fannborg 1. Brútalismi par excellence. Alger negla frá áttunda áratugnum þegar mikil steypa var allt sem þurfti.

■ Háaleitisbraut 109-111, Sigvaldi Thordarson var frumkvöðull í innleiðingu á möderniskum byggingum á Íslandi og gulu og bláu litirnir hans lífga upp á gráan hversdagsleikann.

- Dunhagi 11-17, klassísk blokk frá sjötta áratugnum. Ákveðinn sjarmi yfir henni sem ég kann vel við.
- Langahlíð 19-25, blokkin sem kemur með mödernismann til landsins. Stærsta blokk landsins þegar hún er byggð. Alger klassi.



## Vortilboð

Steinn og sökkull, grátt granít  
Grafskrift og skrautmynd (efst)  
Uppsetning á höfuðborgarsvæði,  
Norðurlandi, Akranesi og Borgarnesi  
Frí sending um allt land

Tilboð 1



Blómarammi - innanmál 45 cm

Verð:  
Sett eins og á mynd : 485.000  
Sett án blómaramma : 385.000  
Steinn : 285.000

Tilboð 2



Blómarammi - 45 cm innanmál

Verð:  
Sett eins og á mynd : 560.000  
Sett án blómaramma : 460.000  
Steinn : 360.000

Tilboð 3



Hægt að setja 2 nöfn

Verð:  
Sett eins og á mynd : 315.000  
Steinn án aukahluta : 199.000

Tilboð 4  
113 eða 111



nr 113

Verð:  
Sett eins og á mynd : 185.000  
Steinn án aukahluta : 145.000



nr 111



hæðir plús annað. Okkur konuna greinir á um þetta, eflaust er hún að reyna að sannfæra mig um að við búum í blokk til að láta mér líða betur," segir hann í léttum tón.

Karl hefur þó búið í blokk, Krúthólum 2. „Það er blokk sem er hluti af einni af flottustu blokkasamstæðu Íslands, og þó víðar væri leitað. Ég vil ganga svo langt að kalla „Hóla-blokkirnar“ Acropolis Íslands. Einhvers konar heilagt blokkahof, stað til að koma á og njóta góðra stunda í faðmi blokka sem mynda skjól og athvarf fyrir blokkaunnendur og hverja þá sem vilja njóta framúrskarandi borgarumhverfis.“

Aðspurður segir Karl það ekki vera spurningu að blokkir séu ákjósanlegasta búsetuformið. „Áhersla dagsins í dag er að þetta byggð. Upplifun mín er að mín kynslóð vilji til að mynda minna húsnæði, kjósi frekar minimalískan lífsstíl og aukið frelsi til að leika sér. Þá koma blokkir og fjölbýli sér sérlega vel. Slíkt hefur einnig mikinn sparnað í för með sér hvað varðar alla innviði, eins og samgöngukerfi og lagningu raf- og vatnslagna. Svo er sú orka sem margmenni býr yfir mögnuð, þar sem sköpunarkrafturinn er beislaður.“

#### Sjarmerandi blokkir

En ætli það séu til ljótar blokkir í huga blokkaunnandans?

„Já, það eru til ljótar blokkir, eða við skulum segja að sumar blokkir sé fallelgrí en aðrar. Að öllu gríni slepptu, jú vissulega eru blokkir þarna inni á milli sem mörgu fólki finnst ljótar. Ég reyni þó ávallt að skoða blokkir út frá þeim tíðaranda sem þær spretta upp úr, hvaða stefna var ríkjandi í arkitektúr þegar þær voru byggðar og þar fram eftir götunum. Það hjálpar við að kunna að meta þær, og það er ótrúlegt hvað það getur breytt sýn manns á viðfangsefni.“

**Hvað gerir góða blokk að góðri blokk?**

„Fólkið sem í henni býr og/eða eigendur blokkarinnar! Blokk sem er

illa hirt verður aldrei góð blokk, þó hún sé kannski sjarmerandi. Í þessu samhengi má til að mynda nefna blokkina við Auðbrekku, hún er ekki falleg en sjarmerandi engu að síður.“

**Áttu þér uppáhaldslandsbyggðar-blokk?**

„Ég á mína uppáhalds í hverjum landshluta. Ísafjörður gersamlega á vestríð með fullt af frambærilegum blokkum, eins og að Fjarðarstræti 2-6. Þarna ertu með brútalisma nánast á heimskautsbaug, bara það eitt og sér er klikkað. Einnig er vert að nefna tvennuna við Múlaland. Tvær blokkir sitja tignarlega í hlíðinni og




**Mér finnst dásamlegt hvernig fólk, eins mismunandi og það er, kemur saman undir einu þaki til að lifa sínu lífi.“**


vaka yfir bænum.

Akureyri er frábær staður fyrir þá sem fíla póst-móðernískan arkitektúr. Á síðustu árum hefur þessi einkennisstíll tíunda áratugarins verið að fá uppreist æru, það er komin ákveðin fjarlægð á stefnuna tímalega séð og margt frábært sem hún hefur skilið eftir sig. Hér má nefna blokkirnar við Múlasíðu og einnig Lindasíðu 2-4.

Á Austurlandi er blokkinn við Bleiksárhlið 56 á Eskifirði í sérstöku uppáhaldi. Þessi blokk var ein af þeim sem urðu á vegi mínum þegar við vorum að ferðast um landið í fyrra og á stóran þátt í að þessi síða varð til.“ ■



Fannborg 1 er dæmi um vel heppnaðan brútalisma frá áttunda áratugnum.



Við Hringbraut standa fyrstu blokkir landsins, sem tróna efst á lista Karls.



Blokkinn við Dunhaga 11 til 17 er klassiker frá sjötta áratugnum og henni fylgir ákveðinn sjarmi, að mati Karls.



**Eucerin®**



1. VIKA

2. VIKA

8. VIKA

12. VIKA

**NÝTT**



**MINNKAR ALDURSBLETTI Á  
TVEIMUR VIKUM\***

\*Fyrsti sjáanlegi árangur á 2 vikum.



# Bara lítill hlekkur í stórrí keðju

Á ársfundi Landspítalans 7. maí voru tólf starfsmenn heiðraðir fyrir störf sín. Þar á meðal var rakningarteymi Landspítala, sem í rúmt ár hefur rakið öll Covid-19 smit innan spítalans.

**F**réttablaðið ræddi við tvo starfsmenn rakningarteymisins, þær Önnu Maríu Þórðardóttur og Hönnu Kristínu Guðjónsdóttur, og spurði þær út í störf þeirra.

„Í rauninni er Landspítalinn bara eins og sér heimur út af fyrir sig. Þetta er alveg rosalega flókinn vinnustaður og maður þarf alveg gífurlega mikla þekkingu á starfsemi og ferlum spítalans til að átta sig á dreifingu veirunnar,“ segir Anna María, sem auk vinnu sinnar í rakningarteyminu er sérfræðingur í hjúkrun hjá gæðadeild spítalans.

Anna segir smitrakningu innan spítalans vera töluvert frábrugðna þeirri vinnu sem smitrakningarteymi almannavarna fæst við úti í samfélaginu.

„Þegar einstaklingur sem er smitaður hefur haft einhvern kontakt við spítalann, þá erum við að tala um sjúklinga, aðstandendur, starfsmenn og gesti, þarf að hafa uppi á öllum þeim sem mögulega hafa komist í samband við hann og uppfylla skilmerki fyrir útsetningu,“ segir Anna.

Skilmerkin fyrir útsetningu sem bæði rakningarteymi Landspítala og rakningarteymi almannavarna notast við, eru þau að einstaklingur hafi verið í samskiptum við smitadán einstakling í minna en tveggja metra fjarlægð í meira en fimmtán mínútur til að teljast í smithættu.

„Síðan hefur komið í ljós að við styttri snertingu við nánar aðstæður er líka mikil hætt á smiti. Til dæmis þegar verið er að sinna sjúklingum, gefa súrefni og lyf, þá er miklu meiri smithætta heldur en almennt gerist,“ segir Anna.

## Mikil rafræn vöktun

Ljóst er að þegar kemur að því að greina ferðir smitadra einstaklinga innan Landspítala, er nauðsynlegt að fara út í mikla rannsóknarvinnu. Aðspurð um hvort að líkja mátti rakningarteyminu við spæjara, segir Hanna Kristín það ekki vera svo fjarri lagi.

„Já, það má segja að það sé eins og að vera spæjari. Við Anna María ræddum oft um það á þessum dögum þegar mest var að gera að maður þyrfti að hafa gríðarmikla þekkingu á starfsemi spítalans og verkferlum, en ekki síður á húsa-kynnum og starfsfólki. Þar sem við höfum báðar unnið í fjöldamörg ár á spítalanum höfðum við þessa þekkingu,“ segir Hanna Kristín, en auk vinnu hennar í rakningarteyminu er hún bæði hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir og starfar hjá gæðadeild spítalans.

Anna María segir fyrsta skref rakningarinnar yfirleitt vera að ræða við þann smitadra, ef það er hægt. Í tilfellum þar sem hinn smitadri er kominn inn á gjörgæslu eða í öndunarvél er slíkt þó augljóslega ekki í boði.


„Ef það er mögulegt þá byrjar maður á að tala við þann smitadra og spyrja hann, hvert förstu og hvern hittirðu? Samhliða því höfum við náttúrulega alls konar hjálpartæki, það er ótrúlega mikil rafræn vöktun. Maður getur séð hverjir eru innstimplaðir á hverja einingu á hverri stundu sem að hafa þá mögulega komist í snertingu við viðkomandi,“ segir Anna María.

Því næst þarf að tala við alla starfsmenn spítalans sem getu hafa verið útsettir fyrir smiti, eða biðja stjórnendur að tala við þá, ef um er að ræða stórar einingar.



Þorvaldur S. Helgason  
thorvaldur@frettabladid.is

Lilja Stefánsdóttir, Hanna Kristín Guðjónsdóttir, Anna María Þórðardóttir, Sigrún Rósa Steindórsdóttir og Hulda Margrét Valgarðsdóttir.  
MYND/ÞORKELL ÞORKELSSON



Rakningarteymi Landspítala nýtir sér ýmis gögn við vinnu sína, þar á meðal rafræna vöktun. MYND/ÞORKELL ÞORKELSSON

## Snertifletir þrífir oft á dag

„Alls staðar þar sem smitadur einstaklingur fer, þarf að skoða hverjir voru þar á sama tíma og hverjir eru mögulegir snertifletir og panta þrif. Það eru gífurlega mikil þrif sem þurfa að fara fram þar sem smitadur sjúklingur hefur verið,“ segir Anna og bætir við að í faraldrinum hafi almenn þrif á spítalanum verið aukin til muna, til dæmis séu allir snertifletir þrífir fjórum sinnum á dag.

Í þeim tilfellum þar sem er ekki hægt að rekja ferðir smitadra einstaklinga nákvæmlega þarf rakningarteymið að kasta út víðu neti og jafnvel senda heilu deildirnar í skimun og úrvinnslusóttkví. Anna María segir fólk aldrei sent í sóttkví nema það sé rökstudd ástæða, enda sé sóttkví bæði íþyngjandi fyrir þá sem í henni lenda og raski miklu í starfsemi spítalans.

„Landspítalinn er þannig stofnun að það er aldrei hægt að loka honum. Þannig að hlutverk okkar var líka það að setja fólk í mismunandi sóttkvíar,“ bætir Hanna Kristín við.

Starfsmenn Landspítalans geta fengið undanþágu frá sóttvarna-

reglum almannavarna til að sinna sínu starfi, þrátt fyrir að vera skráðir í almenna sóttkví. Þeir vinna þá samkvæmt mjög ströngum reglum í fullum hlífðarbúnaði til þess að tryggja öryggi sjúklinga og halda starfsemi gangandi.

## Vakin og sofin yfir veirunni

Starfsmenn Landspítala hafa verið í framlínunni í baráttunni við COVID-19 sjúkdóminn frá upphafi faraldursins. Hanna Kristín og Anna María segja báðar að starf þeirra hafi oft verið mjög krefjandi og sum sím-tölin hafi verið erfiðari en önnur.

„Já, vissulega var þetta oft erfið. Fólk leið oft illa og þurfti stuðning og þetta voru stundum nokkur samtöl. Fólk var hrætt og óttaðist um fjölskyldu sína,“ segir Hanna Kristín og bætir við að í þessu séu hjúkrunarfræðingar góðir.

Þegar faraldurinn stóð sem hæst voru að greinast allt að hundrad manns á dag úti í samfélaginu. Anna María segir það hafa verið mjög krefjandi að fylgjast með því hverjir þeirra tengdust Landspítalanum. Stöðugt þurfti að fylgjast með hvort einhverjir hinna smitadu væru starfsmenn, innliggjandi

sjúklingar eða hefðu einhver tengsl við spítalann.

„Maður er bara búinn að vera alveg vakinn og sofinn yfir þessu í rúmt ár. Fyrir utan smá „honeymoon“ síðasta sumar,“ segir Anna María kímín.

**13.50 Keflavík - Þróttur R.** Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.  
**15.55 Haukar - Keflavík** Útsending frá leik í Domino's deild kvenna.  
**18.05 Leikur í 8-liða** Útsending frá leik í Domino's deild karla.  
**20.05 Leikur í 8-liða** Útsending frá leik í Domino's deild karla.

## Stöð 2 Sport 2

- 09.00 Atlético Madrid - Real Sociedad**  
**10.40 Sassuolo - Juventus**  
**12.25 Inside Serie A**  
**12.55 Genoa - Atalanta** Bein útsending.  
**15.00 Meistaradeild Evrópu: Leikmennirnir**  
**16.00 Enski bikarinn - Upphitun**  
**16.20 Chelsea - Leicester City** Bein útsending frá úrlitaleik í FA Cup.  
**19.00 Ensku bikarmörkin**  
**19.30 Spezia - Torino**  
**21.10 La Liga: Goals Galore - Messi**  
**21.30 Frægðarhöll NBA 2020**  
**00.00 Juventus - Inter Milan**





TM

UEFA

# EURO2020

11. JÚNÍ - 11. JÚLÍ



**EM2020** ER INNIFALIÐ Í SPORTPAKKANUM.  
EINNIG ER HÆGT AÐ KAUPA AÐGANG AÐ MÓTINU FYRIR 6.990 KR.  
Tryggðu þér aðgang á **stod2.is**





## Sunnudagur

## Hringbraut

- 18.30 Mannamál (e)** Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við Þjóðþekktasta einstaklinga um líf þeirra og störf.
- 19.00 Suðurnesja-magasin Vikurfréttá (e)** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
- 19.30 Leiðtoginn** með Jóni G. er viðtalsþáttur við stjórnmendur og frumkvöðla í íslensku samfélagi.
- 20.00 Sir Arnar Gauti (e)** Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta.

## RÚV Sjónvarp

- 07.15 KrakkaRÚV**  
**07.16 Refurinn Pablo**  
**07.21 Hið mikla Bé**  
**07.44 Poppý kisukló**  
**07.55 Kúlugúbarnir**  
**08.18 Lautarferð með köku**  
**08.24 Hæ, Sámur**  
**08.31 Hvolpasveitin**  
**08.54 Hróturinn Hreinn**  
**09.00 Múminálfarnir**  
**09.22 Robbi og Skrímsli**  
**09.44 Eldhugar - Wu Zetian** - keisaraynja  
**09.48 Sjóræningjarnir í næsta húsi**  
**10.00 Herra Bean**  
**10.25 Andrar á flandri** Lund-únir - seinni hluti.  
**10.50 Óperuminning** Hinrik Ólafsson.  
**11.00 Silfrið**  
**12.10 Alla leið**  
**13.20 Sagan bak við smellinn - Viva la Vida**  
**13.50 Popp- og roksaga Íslands. Frá landnámi til rokkaldar**  
**14.45 Auðhyggjan alltumlykjandi - Heilsa**  
**15.30 Skólahreysti**  
**16.25 Tónaflóð um landið** Vestfirðir.  
**17.50 Tákn málsfréttir**  
**18.00 KrakkaRÚV**  
**18.01 Söguspilið**  
**18.25 Menningin - samantekt**  
**19.00 Fréttir**  
**19.25 Íþróttir**  
**19.35 Veður**  
**19.45 Landinn**  
**20.15 Ísland: bíóland - Fjölgun og fjölbreynti Saga íslenskra kvikmynda.**  
**21.20 Vonarstræti**  
**23.25 Poirot - Týnda naman. Agatha Christie's Poirot II. The Lost Mine**  
**00.15 Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

- 06.50 LPGA Tour** Útsending frá Kia Classic.  
**10.00 LET Tour** Bein útsending frá Investec South African Women's Open.  
**14.00 LPGA Tour** Útsending frá Drive On Championship at Golden Ocala.  
**17.00 PGA Tour** Bein útsending frá AT&T Byron Nelson.  
**22.05 European Tour** Útsending frá Commercial Bank Qatar Masters.

## Sjónvarp Símans

- 06.00 Síminn + Spotify**  
**11.15 The Block**  
**12.20 Dr. Phil**  
**15.20 Dr. Phil**  
**16.30 The King of Queens**  
**16.50 Everybody Loves Raymond**  
**17.15 The Bachelor**  
**18.00 Með Loga**  
**19.05 The Block**  
**20.10 Gudjohnsen**  
**20.50 This Is Us**  
**21.40 Black Monday** Skemmtileg þáttaröð frá Showtime sem fjallar um stærsta hrun hlutabréfa á Wall Street frá upphafi.  
**22.15 Gangs of London**  
**23.15 Penny Dreadful. City of Angels**  
**00.15 Love Island**  
**01.10 Ray Donovan**  
**02.00 The Rookie**  
**02.45 Blue Bloods**  
**03.30 Motherland. Fort Salem**  
**04.20 Síminn + Spotify**

## RÚV Rás eitt

- 06.55 Morgunbæn og orð dagsins**  
**07.00 Fréttir**  
**07.03 Hringrás Um Afriku.**  
**08.00 Morgunfréttir**  
**08.05 Á tónsviðinu**  
**09.00 Fréttir**  
**09.03 Svona er þetta**  
**10.00 Fréttir**  
**10.05 Veðurfregnis**  
**10.15 Bók vikunnar** Krossfiskar.  
**11.00 Guðspjónusta í Akranes Kirkju**  
**12.00 Hádegisútsvarp**  
**12.20 Hádegisfréttir**  
**13.00 Sögur af landi**  
**14.00 Viðsjá**  
**15.00 Lestin**  
**16.00 Síðdegisfréttir**  
**16.05 Úr tónlistarlífinu. Söngskemmtun ÍÓ**  
**17.25 Orð af orði**  
**18.00 Kvöldfréttir**  
**18.10 Orðin sem við skiljum ekki**  
**18.50 Veðurfregnis**  
**18.53 Dánarfregnis**  
**19.00 Óskastundin**  
**19.40 Móses og Jón Taylor** Goðsögnin um sjálfstætt lýðveldi.  
**20.35 Gestaböð**  
**21.30 Úr gullkistunni** Andlit Asíu.  
**22.00 Fréttir**  
**22.05 Veðurfregnis**  
**22.10 Á reki með KK**  
**23.10 Frjálsar hendur**  
**00.00 Fréttir**  
**00.05 Næturútsvarp Rásar 1**

## Stöð 2 Bíó

- 10.55 Like Cats & Dogs**  
**12.20 Parenthood**  
**14.20 Bridget Jones's Diary**  
**15.55 Like Cats & Dogs**  
**17.20 Parenthood**  
**19.20 Bridget Jones's Diary**  
**21.00 Shazam!**  
**23.05 The Journey**  
**00.40 American Assassin**  
**02.30 Shazam!**

## Stöð 2

- 08.00 Uppskriftir fyrir svanga birni**  
**08.02 Laugardagsklúbburinn**  
**08.05 Rita og krókóðill**  
**08.10 Veira, vertu blessuð**  
**08.11 Ég er fiskur**  
**08.13 Örstutt ævintýri**  
**08.15 Ást er ást**  
**08.18 Blíða og Blær**  
**08.35 Monsurnar**  
**08.45 Víkingurinn Viggó**  
**09.00 Adda klóka**  
**09.20 Mörgæsirnar frá Madagaskar**  
**09.45 Lukku láki**  
**10.10 Ævintýri Tinna**  
**10.30 Mia og ég**  
**10.55 It's Pony**  
**11.15 Angry Birds, Stella**  
**11.25 Top 20 Funniest**  
**12.05 Nágrannar**  
**13.10 Nágrannar**  
**13.30 Friends**  
**13.55 Um land allt**  
**14.15 Planet Child**  
**15.05 Impractical Jokers**  
**15.25 Inside Ikea**  
**16.50 60 Minutes**  
**17.35 Víglinan**  
**18.26 Veður**  
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**  
**18.40 Sportpakkinn**  
**18.50 Ísland í dag**  
**19.05 Skítamix**  
**19.35 Race Across the World**  
**20.35 Mr. Mayor**  
**21.00 We Are Who We Are**  
**21.50 Brave New World**  
**22.40 C.B. Strike. Lethal White**  
**23.40 Queen Sugar**  
**00.20 Warrior**  
**01.10 Warrior**  
**02.05 Empire**  
**02.45 Empire**

## Stöð 2 Sport

- 07.20 Keflavík - Þróttur R.** Í Pepsi Max deild kvenna.  
**09.00 Keflavík - Tindastóll**  
**10.40 Stjarnan - Valur**  
**12.05 Stjarnan - Grindavík**  
**13.50 Selfoss - Fram** Bein útsending frá leik í Olís deild karla.  
**15.30 Goðsagnir - Ólafur Þórðarson**  
**16.30 Seinni bylgjan - karla**  
**18.00 Sara Björk Gunnarsdóttir**  
**18.30 Pepsi Max Upphitun**  
**19.05 Víkingur R. - Breiðablik** Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.  
**21.15 Pepsi Max stúkan**  
**22.05 Keflavík - Þróttur R.**  
**23.45 Stjarnan - Grindavík**

## Stöð 2 Sport 2

- 07.20 Ensku bikarmörkin**  
**07.55 Frægðarhöll NBA**  
**10.25 Fiorentina - Napoli** Bein útsending.  
**12.30 La Liga. Goals Galore - Suarez**  
**12.35 La Liga. Goals Galore - Benzema**  
**12.55 Benevento - Crotone** Bein útsending.  
**15.00 EM 1992**  
**15.50 Inside Serie A**  
**16.25 Athletic Bilbao - Real Madrid** Bein útsending.  
**18.45 Chelsea - Barcelona** Bein útsending frá úrsíðuleik í Meistaradeild Evrópu kvenna.  
**20.50 Chelsea - Leicester City**  
**22.50 Genoa - Atalanta**

## Mánudagur

## Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.  
**19.00 Atvinnulífið** Sigurður K. Kolbeinsson heim-sækir íslensk fyrirtæki og kynnis sér starfsemi þeirra.  
**19.30 Heima er best** er samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.  
**20.00 Karlmenntan (e)** Fémínískt sjónarhorn á karlmennsku, karla og jafnrétti í feðraveldissamfélagi.  
**20.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.  
**21.00 Atvinnulífið (e)** Sigurður K. Kolbeinsson heimsækir íslensk fyrirtæki.  
**21.30 Heima er best (e)**

## RÚV Sjónvarp

- 11.00 Heimaleikfimi**  
**11.10 Spaugstofan 2009-2010**  
**11.35 Landinn** Dagur í lífi landans.  
**12.25 Gönguleiðir**  
**12.45 Mósaik 2000-2001**  
**13.20 Silfrið**  
**14.20 Við skjótum tituprjónum**  
**14.50 Gettu betur - Stjórnu-**strið Gamli skólinn - nýi skólinn.  
**15.55 EM í sundi** Bein útsending frá EM sundi í Ungverjalandi.  
**17.40 Bækur og staðir**  
**17.50 Tákn málsfréttir**  
**18.00 KrakkaRÚV**  
**18.01 Loðmundur**  
**18.08 Skotti og Fló**  
**18.15 Lestrarhuvutti**  
**18.22 Stuðboltarnir**  
**18.33 Nelly og Nóra**  
**18.40 Sammi brunavörður**  
**18.50 Krakkafréttir**  
**19.00 Fréttir**  
**19.25 Íþróttir**  
**19.30 Veður**  
**19.35 Kastljós**  
**19.50 Menningin**  
**20.00 Hvað getum við gert?** Örflæði.  
**20.10 Eldfjöll í geimnum.** Horizon. Space Volcanoes  
**21.00 Lífsbarátta í náttúrunni.** Í hnotskurn-Dynasties - Minisodes  
**21.10 Sáttasemjarinn.** Peacemaker  
**22.00 Tiufréttir**  
**22.15 Veður**  
**22.20 Sagan í heimavík-myndum 1968mm**  
**23.15 Afdrifarik kynni af R. Kelly. Surviving R. Kelly**  
**00.05 Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

- 08.00 PGA Tour** Útsending frá AT&T Byron Nelson.  
**11.00 PGA Tour** Útsending frá AT&T Byron Nelson.  
**14.00 PGA Tour** Útsending frá AT&T Byron Nelson.  
**19.00 PGA Highlights**  
**19.55 PGA Tour** Útsending frá AT&T Byron Nelson.

## Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil**  
**13.15 The Late Late Show**  
**14.00 The Block**  
**15.05 Zoey's Extraordinary Playlist**  
**15.50 90210**  
**16.50 The King of Queens**  
**17.10 Everybody Loves Raymond**  
**17.35 Dr. Phil**  
**18.20 The Late Late Show**  
**19.05 The Block**  
**20.10 Gordon Ramsay's 24 Hours to Hell and Back**  
**21.00 The Rookie**  
**21.50 Blue Bloods**  
**22.35 Motherland. Fort Salem**  
**23.20 The Late Late Show**  
**00.05 Love Island**  
**01.00 Ray Donovan**  
**01.50 FBI**  
**02.35 Hightown**  
**03.30 Pose**  
**04.20 Síminn + Spotify**

## RÚV Rás eitt

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**  
**06.50 Morgunvaktin**  
**07.00 Fréttir**  
**07.30 Fréttayfirlit**  
**08.00 Morgunfréttir**  
**08.30 Fréttayfirlit**  
**09.00 Fréttir**  
**09.05 Segðu mér**  
**09.45 Morgunleikfimi**  
**10.00 Fréttir**  
**10.03 Veðurfregnis**  
**10.13 Flugur** Íslensk tónlist frá upphafi áttunda áratugarins.  
**11.00 Fréttir**  
**11.03 Mannlegi þátturinn**  
**12.00 Fréttir**  
**12.03 Hádegisdagur** Fyrri og seinni hluti.  
**12.20 Hádegisfréttir**  
**12.42 Hádegisdagur**  
**13.00 Dánarfregnis**  
**13.02 Samfélagið**  
**14.00 Fréttir**  
**14.03 Hringrás Um Suðurland**  
**15.00 Fréttir**  
**15.03 Orð um bækur**  
**16.00 Síðdegisfréttir**  
**16.05 Viðsjá**  
**17.00 Fréttir**  
**17.03 Lestin**  
**18.00 Spegillinn**  
**18.30 Krakkaklján**  
**18.50 Veðurfregnis**  
**18.53 Dánarfregnis**  
**19.00 Endurómur úr Evrópu**  
**20.35 Mannlegi þátturinn**  
**21.30 Kvöldsgagan. Njálsgaga (5 af 29)**  
**22.00 Fréttir**  
**22.05 Veðurfregnis**  
**22.10 Samfélagið**  
**23.05 Lestin**  
**00.00 Fréttir**  
**00.05 Næturútsvarp Rásar 1**

## Stöð 2 Bíó

- 12.00 Share**  
**13.25 Love's Last Resort**  
**14.50 Holy Lands**  
**16.30 Share**  
**17.55 Love's Last Resort**  
**19.20 Holy Lands**  
**21.00 Plus One** Spennandi tryllir um þrjá háskólafélaga sem fara í stærsta parti ársins en þar gerast dularfullir hlutir sem setja allt úr skorðum.  
**22.30 Holmes and Watson**  
**00.00 Inherit the Viper**  
**01.25 Plus One**

## Stöð 2

- 08.00 Heimsókn**  
**08.15 Grey's Anatomy**  
**09.05 Bold and the Beautiful**  
**09.25 The O.C.**  
**10.05 The Goldbergs**  
**10.30 Life and Birth**  
**11.15 Brother vs. Brother**  
**11.55 Golfarinn**  
**12.30 Last Man Standing**  
**12.35 Nágrannar**  
**12.55 Friends**  
**13.20 Hálandisvaktin**  
**13.45 Modern Family**  
**14.05 Manifest**  
**14.55 Last Man Standing**  
**15.15 Ísskápastríð**  
**15.50 Drew's Honeymoon House**  
**16.30 First Dates**  
**17.35 Bold and the Beautiful**  
**18.00 Nágrannar**  
**18.26 Veður**  
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**  
**18.50 Sportpakkinn**  
**18.55 Ísland í dag**  
**19.10 Stofuhiti**  
**19.35 Inside Ikea**  
**20.40 All Rise**  
**21.25 C.B. Strike. Lethal White**  
**22.20 Queen Sugar**  
**23.05 60 Minutes**  
**23.55 Citizen Rose**  
**00.40 The Red Line**  
**01.20 A Black Lady Sketch Show**  
**01.45 Grey's Anatomy**  
**02.30 The O.C.**  
**03.10 The Goldbergs**

## Stöð 2 Sport

- 09.05 Domino's körfubolta-**kvöld  
**10.05 Pepsi Max stúkan**  
**10.50 Seinni bylgjan - karla**  
**12.15 Valur - KR** Útsending frá leik í Domino's deild karla.  
**13.55 Selfoss - Fram** Útsending frá leik í Olís deild karla.  
**15.20 Víkingur R. - Breiðablik** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.  
**17.00 Stjarnan - ÍBV** Útsending frá leik í Olís deild kvenna.  
**18.30 Pepsi Max Upphitun**  
**19.05 KR - Valur** Bein útsending.  
**21.15 Pepsi Max Stúkan**  
**22.30 Haukar - Valur** Útsending frá leik í Olís deild kvenna.  
**23.55 Haukar - FH** Útsending frá leik í Olís deild karla.

## Stöð 2 Sport 2

- 07.25 Fiorentina - Napoli**  
**09.05 Barcelona - Celta Vigo**  
**10.50 AC Milan - Cagliari**  
**12.30 Athletic Bilbao - Real Madrid**  
**14.10 Chelsea - Barcelona**  
**15.50 Ítölsku mörkin**  
**16.40 Fréttapáttur Meistaradeildarinnar**  
**17.05 Fréttapáttur EM**  
**17.35 Ensku bikarmörkin**  
**18.10 Fjölnir - Valur** Bein útsending frá leik í Dominos deild kvenna.  
**20.05 Keflavík - Haukar** Bein útsending frá leik í Dominos deild kvenna.  
**22.00 Dominos Körfubolta-**kvöld kvenna  
**22.45 Hellas Verona - Bologna** Bein útsending.



Hvaða ríki hafa oftast  
unnið Eurovision?

# JÚRÓKVIZZOLÍS

Glæsilegir vinningar og hellingur af aukavinningum.  
Taktu þátt á [olis.is](http://olis.is)



GLÆÐNINGAR  
Á HVERJUM  
DEGI



**AÐALVINNINGUR**

Char-Broil Professional 3500  
3 brennara gasgrill

Char-Broil

**olis**  
AUKAVINNINGUR  
100.000 kr.  
eldsneytisneign



**olis**





Flosi Þorgeirsson er tilbúinn til þess að sleppa sinni fyrstu sólóplötu lausri og eftir frábæran árangur í hóp-söfnuninni á Karolina Fund er ekkert til fyrir-stöðu. Ekki einu sinni kvíðinn sem helltist yfir hann við þessi góðu viðbrögð. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**

## Kvíðasjúki gítarleikarinn tekur sviðið



Þórarinn Þórarinnsson  
thorarin  
@frettabladid.is

Þótt Flosi Þorgeirsson hafi fengið heiftarlegt kvíðakast við frábær viðbrögð hópfrjármögnunar fyrstu sólóplötu sinnar er gítarleikarinn í HAM tilbúinn til að taka sviðið.

toti@frettabladid.is

Flosi Þorgeirsson er þekktastur sem gítarleikari þeirrar goðsagna-kenndu hljómsveitar HAM og hefur sem slíkur látið lítið á sér bera og kunnað best við sig í bakgrunninum á sviðinu með HAM.

„Ég hef lítið verið í því að semja lög og allt sem ég setti saman fannst mér bara ekkert merkilegt. Þannig að ég hef bara eiginlega alltaf verið hljóðfæraleikari,“ segir Flosi.

„Þetta byrjaði fyrir svona rúmum tíu árum síðan og ég tengi það mikið við það að ég krassaði bara algerlega 2009 og endaði inni á geðdeild með kvíða, þunglyndi og sjálfsvígshugsanir. Allan þann pakka bara.

Þar voru geðlæknar sem sögðu mér bara að ég yrði að hætta að drekka og yrði að taka þetta þunglyndi sterkum tókum. Ég hlýddi því bara og fór í góða meðferð,“ segir Flosi.

### Risastórt skref

„Ég held að upp frá því verði bara svo miklar breytingar, bæði á persónuleikanum og hugsuninni, þannig að allt í einu minnkaði þetta óryggi og sjálfsvanmat einhvern veginn svo mikið að mér fór bara

að þykja þetta fint sem ég var að setja saman. Og ég er bara allt í einu kominn með nokkur lög sem voru föst í hausnum á mér og þau vildu bara ekkert fara.“

Flosi segir að hugmyndin um að hann þyrfti að gera eitthvað við þessi lög og gefa þau út hafi orðið stöðugt ágengari. „Sumar hugmyndir vilja bara ekki fara úr hausnum á mér og maður veit að maður verður að láta undan þessu. Það var eiginlega bara þannig. Ég fann að þetta var eiginlega farið að gera mig brjáláðan,“ segir Flosi og bendir á að þetta sé rosalegt skref fyrir hann.

„Ég hef alltaf viljað halda mig í bakgrunninum. Ekki trana mér fram. Mér finnst fint að vera bara gítarleikarinn í bandinu og ekki sá sem er kallaður í viðtöl eða neitt svoleiðis en þetta er dálítið skref. Nú er þetta bara ég sem er í fararbroddi og öll athyglin beinist að mér þannig að það hefur bara verið heilmikil barátta við kvíðann út af því.“

Flosi ákvað því að láta reyna á hópfrjármögnun útgáfunnar á Karolina Fund þar sem viðbrögðin settu hann gjörsamlega út af laginu. „Ég átti nú von á því að þetta myndi ganga sæmilega,“ segir Flosi sem gaf söfnuninni 40 daga og hugðist leggja til sjálfur það sem upp á vantaði svo söfnunin færi ekki forgörðum.

„Ég var eiginlega hvattur til þess af vinum mínum sem voru alltaf að segja að ég yrði enga stund að ná þessu. Ég trúði því náttúrliga ekk-



Arnar Geir trommari og Flosi gítarleikari með hina HAM-arana, S. Björn Blöndal, Sigurjón Kjartansson og Óttar Proppé, á milli sín. **FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK**

ert sjálfur vegna þess að vinir mínir hafa miklu meiri trú á mér heldur en ég sjálfur. Það er bara þannig,“ segir Flosi um söfnunina.

### Mesta kvíðakast síðari ára

„Síðan voru viðbrögðin bara svo tryllt. Á innan við sólarhring voru þessar 5.300 evrur, eitthvað um 800 þúsund krónur, sem ég ætlaði að safna, komnar í hús. Núna er þetta í 156 prósentum og ég er kominn með svo miklu meira en ég ætlaði mér í upphafi og þá fékk ég náttúrliga bara bullandi kvíðakast. Það eru mín viðbrögð.

Flestir edlilegir ættu að gleðjast yfir slíku en ég er ekki beint edlilegur. Ég er með þunglyndis- og kvíðaröskun og mín viðbrögð voru því að fá eitt mesta kvíðakast sem ég hef fengið árum saman.“

Flosi segir að það þýði ekkert fyrir skynseminna að brjóstast í gegn þegar svona áhlaup kemur og ómögulegt að svara hvað valdi því. „Það

er svo skrítið með þennan kvíða einhvern veginn. Ég veit það ekki. Hann er bara bilaður. Þetta er eins og að standa á hengiflugi og segja sjálfum þér að allt sé í fina. Heilinn hlustar ekki á það og sendir árandi hættubod um allan líkamann.

Þetta er svipað nema það kemur hjá mér þegar það ætti eiginlega ekki að gerast. Það er svo sem edlilegt ef maður stendur á kletti en ekki þegar fólk er að flykkjast til að hjálpa manni að láta draum sinn rætast.“

### Haustið er tíminn

Upptökum á plötunni er í raun lokið en eftirvinnslan er eftir. „Upptökumaðurinn minn fékk Covid-sprautu og varð fárveikur þannig að hann er ekki alveg búinn að senda mér það sem hann er búinn að vera að mixa. En næsta skref er að hlusta á það sem ég er búinn að taka upp og athuga hvort það sé nógu gott eða hvort það þurfi eitthvað að bæta við.



Síðan fer þetta bara í hljóð-blöndun og masteringu og svo þarf að hanna umslag," segir Flosi sem vonast til að platan geti komið út síðsumars enda hafi hann ákveðnar efasemdir um útgáfu um hásumar.

„Það væri fint og mér þætti allt í lagi að þetta kæmi út svona í ágúst, september. Það er svona minn tími. Haustið. Þegar allt fer að fölna, deyja og verða grátt. Það getur tekið á en það er svona ljóðrænn sársauki á haustin," segir Flosi og hlær.

#### Alls konar áhrif

Flosi segir plötuna í raun nokkurs konar óð til allrar þeirrar tón-



Flosi á kantinum ásamt félagum sínum í HAM.

send. Þetta er ekki síst út af því að við erum að tala um þunglyndi, kvíða og athyglisbrest. Mjög opin-skátt eins og við höfum alltaf gert. Og viðbrögðin eru náttúrliga yfirþyrmandi en um leið stórkostleg.“

#### Auðmýktin í kvíðanum

Flosi bendir á að hann hafi fengið mikinn stuðning frá hlustendum í söfnuninni fyrir plötuútgáfunni. „Ég hef fengið rosalegan stuðning frá því fólki. Við erum komnir með dálítið sterkan aðdáendahóp og það eru ekki síst aðdáendur Drauganna sem voru að styðja mig með þessa plötu.

Þar á meðal er maður sem ég þekki ekki neitt og lagði heilmikið inn á mig. Hann sagði bara að ég átt-aði mig ekki á hvað ég væri að gera mikið fyrir fólk. Ég finn bara að það kemur skömmustutilfinning þegar ég er að segja þetta. Ég á ekki að vera að hæla sjálfum mér svona," segir Flosi og auðheyrir að hann meinar það sem hann segir.

„Það góða við þetta er að ég á alla-vegana aldrei eftir að ofmetnast. Það er það eina jákvæða sem ég sé við þetta. Að kvíðinn heldur mér alltaf högværum. Ég held kannski dálítið í auðmýktina í gegnum kvíðann. Fátt er svo með öllu illt.“ ■



Ég hef alltaf viljað halda mig í bakgrunninum. Ekki trana mér fram. Mér finnst fint að vera bara gítarleikarinn í bandinu.

listar sem hefur haft áhrif á hann í gegnum tíðina. Þar megi finna jafnt áhrif frá nýbylgjurökki níunda áratugarins, pönki, þungarökki og klassísku rokki.

„Þarna má alveg heyra pönk og svo svona jadarrokk níunda áratugarins í anda Sonic Youth, Dinasaur Junior og einhverra svoleiðis hljómsveita. Þetta verður tíu laga hreinræktuð rokkplata sem gítar, bassi og trommur munu bera uppi," segir Flosi sem syngur og leikur á öll hljóðfæri fyrir utan að á trommum nýtur hann krafta Arnars Geirs Ómarssonar, góðvinnar hans og féлага úr HAM.

„Ég sagði strákunum í HAM frá því á einhverri æfingu fyrir mörgum árum síðan að mig langaði að gefa út sólplötu og væri byrjaður að semja lög. Þeir voru bara spenntir fyrir því og vildu endilega fá að heyra þegar þetta væri komið.

Arnar Geir gekk þó aðeins lengra. „Hann sagði strax við mig að ef ég væri að fara að gera eitthvað svona þá ætti ég að hringja í hann. „Mér finnst að ég eigi að tromma ef þú ert að fara að gefa út sólplötu," sagði hann og bauð sig þannig bara fram. Löngu áður en hann var búinn að heyra eitthvað af þessu.“

#### Fortíðardraugar

Flosi segir að þegar Arnar Geir hafi svo komið í hljóðverið hjá Einari Vilberg og loksins heyrir lögin hafi þau komið honum á óvart og þá helst hversu „indí“ tónlistin væri.

„Hann átti von á að þetta yrði kannski meira svona þungt rokk og var dálítið hissa að heyra hvað það væru alls kyns stílar ráðandi og í rauninni tengdi hann við að þetta væri dálítið mikið af þeirri músík sem hafði áhrif á okkur þegar við vorum krakkar.“

Talandi um fortíðardrauga verður ekki hjá því komist að nefna hlaðvarpsþætti Flosa og Baldurs Ragnarssonar, Drauga fortíðar, sem nýtur mikilla vinsælda en þar ræða þeir áhugaverða liðna atburði. Eins og þeim einum er lagið.

„Það er náttúrliga alveg hræðilegt bara," segir Flosi og hlær þegar hann er spurður hvernig það sé að vera orðinn podcast-stjarna ofan á allt annað.

„Sérstaklega vegna þess að ég virðist alveg ofær um að geta sannfært sjálfan mig um að ég sé eins góður og hæfileikaríkur og fólk er alltaf að segja mér að ég sé.

Þetta er yfirþyrmandi og ég fæ bara kvíða yfir öllum skilaboðunum og þökkunum sem ég fæ

## Ársfundur 2021

### Ársfundur Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga

verður haldinn mánudaginn 7. júní kl. 14.00 á starfsstöð sjóðsins að Sigtúni 42, 105 Reykjavík.

#### Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur 2020
3. Tryggingafræðileg athugun
4. Fjárfestingastefna sjóðsins kynnt
5. Tilnefning stjórnarmanna og varamanna
6. Kynning á breytingum samþykka sjóðsins
7. Önnur mál

Allir sjóðfélagar, fulltrúar launagreiðenda og viðkomandi stéttarfélag eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn en óskað er eftir að þeir tilkynni þátttöku sína á fundinn þar til gert form á heimasíðu sjóðsins lifbru.is eða hafi samband við skrifstofu sjóðsins í síma 5400700 eða með tölvupósti á lifbru@lifbru.is

#### Reykjavík 30. apríl 2021

Stjórn Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga

### Yfirlit yfir afkomu ársins 2020

	A deild	V deild	B deild	2020 Samtals	2019 Samtals
<b>Efnahagsreikningur</b>					
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	83.375	16.152	4.962	104.489	72.946
Skuldabréf	136.099	26.367	10.004	172.470	163.367
Bundnar bankainnstæður	1.677	325	0	2.002	4.013
Kröfur	1.233	239	129	1.601	1.501
Óefnislegar eignir	108	21	0	129	145
Varanlegir rekstrarfjármunir	115	22	0	137	141
Handbært fé	6.680	1.294	1.089	9.063	7.384
Skuldir	-1.598	-310	-142	-2.050	-394
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris</b>	<b>227.689</b>	<b>44.110</b>	<b>16.042</b>	<b>287.841</b>	<b>249.103</b>
<b>Breyting á hreinni eign</b>					
Iðgjöld	12.775	3.637	2.415	18.827	16.422
Lífeyrir	-4.151	-430	-3.077	-7.658	-6.621
Hreinar fjárfestingatekjur	22.252	4.228	1.647	28.127	23.440
Rekstrarkostnaður	-383	-67	-109	-559	-524
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris	30.493	7.368	876	38.737	32.717
Hrein eign frá fyrra ári	197.196	36.742	15.166	249.104	216.386
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris</b>	<b>227.689</b>	<b>44.110</b>	<b>16.042</b>	<b>287.841</b>	<b>249.103</b>
<b>Kennitölur</b>					
Nafnávöxtun	10,9%	10,9%	10,4%	10,8%	10,4%
Hrein raunávöxtun	7,1%	7,1%	6,6%	7,1%	7,5%
Raunávöxtun (5 ára meðaltal)	4,6%	4,6%	3,7%	4,6%	4,8%
Raunávöxtun (10 ára meðaltal)	4,8%	4,8%		4,8%	4,2%
Virkir sjóðfélagar	14.814	4.930	162	19.906	18.548
Fjöldi lífeyrisþega	5.500	1.384	1.848	8.732	7.862
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar	-15.468	586	-10.248		
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar	12,7%	0,6%	-78,4%		
Hrein eign ufram heildarskuldbindingar	-3,9%	-2,2%	-16,6%		

Allar fjárhæðir í milljónum króna

Á árinu 2020 greiddu að meðaltali 19.906 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins og námu heildariðgjöld ársins 18.827 m.kr. með aukaframlagi launagreiðenda. Að meðaltali fengu 8.732 einstaklingar greiddan lífeyri frá sjóðnum og nam hann 7.658 m.kr.

Í stjórn sjóðsins eru: Garðar Hilmarsson, formaður stjórnar, Benedikt Þór Valsson, varaformaður, Auður Kjartansdóttir, Halldóra Káradóttir, Sonja Ýr Þorbergsdóttir og Porkell Heiðarsson.

Framkvæmdastjóri er Gerður Guðjónsdóttir.

Sigtúni 42 | 105 Reykjavík | sími 540 0700 | lifbru@lifbru.is







Júlianna ákvað að nýta sem mest úr geymslum Dansflokksins í gerð búninganna.

MYND/HÖRÐUR SVEINSSON



Steingerður  
Sonja Þórisdóttir  
steingerdur  
@frettabladid.is

## Draumkenndir búningar í Dagdraumum

Dagdraumar er dansverk fyrir börn sem er frumsýnt í dag. Það er samstarfsverkefni Ingu Marenar Rúnarsdóttur og Júliönnu Láru Steingrimsdóttur sem sér um búninga og sviðshönnun. Þær hafa starfað mikið saman í gegnum tíðina.

Danshöfundurinn Inga Maren sagði vinkonu sinni og reglulegri samstarfskonu, búninga- og sviðsmyndahönnuðinum Júliönnu Láru Steingrimsdóttur frá hugmynd sinni að barnabók í flugvél á leið frá Cannes. Júliönnu Láru fannst sagan vera sniðin fyrir dansverk fyrir börn og í dag mun Íslenski dansflokkurinn frumsýna dansverkið Dagdraumar. Verkið fjallar um unga stúlku sem leggur land undir fót og ferðast um undur veraldar, um skóg og yfir sjó, finnur dýr og ævintýri. Sýningin er hin glæsilegasta og mikið hefur verið lagt upp úr búninga- og sviðsmyndahönnun. Hvort tveggja er í höndum Júliönnu Láru, leikmynda- og búningahönnuðar. Hún hefur starfað við kvikmyndagerð og í leikhúsi frá því að hún útskrifaðist úr Central Saint Martins listaháskólanum í London árið 2010.

„Ég hef starfað reglulega hjá Íslenska dansflokknum síðan 2012. Móðir mín er kjólameistari og hefur starfað í leikhúsi frá því að ég man eftir mér, þannig að ég ólst upp í leikhúsinu. Ég byrjaði til dæmis að vinna baksviðs í Borgarleikhúsinu

meðfram náminu þegar ég var unglingur í Verzló. Þar kynntist ég bæði Ingu Maren, danshöfund verksins, og Ásgeiri Helga sem dansar í verkinu. Við höfum unnið mikið saman í gegnum tíðina og þau dönsuðu til dæmis í lokaverkefninu mínu úr Central Saint Martins.

Við þrjú vorum einmitt í flugvél á leiðinni frá Cannes fyrir nokkrum árum þar sem við vorum að sýna dúett eftir Ingu Maren og Ásgeir Helga, þegar Inga Maren segir mér frá hugmynd að barnabók sem hún var búin að ganga með í maganum.“

Eftir að Inga Maren sagði Júliönnu söguna hvatti hún hana til að vinna frekar með hugmyndina.

„Ég sagði við hana að þetta væri auðvitað fullkomin saga til að gera dansverk fyrir börn, en það er einmitt verkið sem við erum að frumsýna í dag. Í millitíðinni unnum við Inga til dæmis verkið Ævi þar sem Inga Maren samdi og dansaði sóló, ég gerði leikmynd og búninga. Svo erum við með annað verk í pípunum á næsta leikári sem ber titilinn Þoka.“

Júlianna Lára segir að þeim Ingu þyki best að vinna náið saman frá byrjun og byrja löngu áður en dansararnir koma að verkinu.

„Okkur finnst gott að vera komnar með drög að leikmynd, búningum, tónlist og hreyfiefni áður en við byrjum að æfa. Þegar við byrjuðum að vinna Dagdrauma var fyrst á dagskrá að finna út hvaða dýr væri



Mikil hugsun fór í hvaða dýr væri skemmtilegt að túlka með dansi og búningum.

MYND/HÖRÐUR SVEINSSON



Það stendur til að fara á flakk með verkið og því var mikilvægt að sviðsmyndin væri hreyfanleg. MYND/HÖRÐUR SVEINSSON



Júlianna Lára segir mikilvægt að passa upp á hreyfigetu þegar búningar eru hannaðir fyrir dansverk. MYND/HÖRÐUR SVEINSSON

Boðskapur verksins er einmitt að vera ánægður með sjálfan sig og það sem maður hefur.



Júlianna Lára Steingrimsdóttir.

MYND/SAGA SIG

skemmtilegt að túlka, það var mikilvægt að hvert dýr væri með eftirsóknarverðan eiginleika, slangan er til dæmis liðug, hérinn hleypur hratt og hoppar hátt og svo framvegis. Um leið og dýrin voru ákveðin sá ég búningana ansi skýrt fyrir mér og vissi nákvæmlega hvernig ég vildi hafa þá.“

Hún segir að það þurfi að hugsa

út í margt þegar búningar eru gerðir fyrir leiksýningu og sérstaklega fyrir dansverk, þar sem hreyfigetan þarf að vera einstaklega góð og sniðin eftir því.

„Einnig fannst mér mikilvægt að leyfa líkómum dansaranna að njóta sín og ég vildi líka ekki fela andlit þeirra, því að mínu mati eru dansarar einstaklega góðir í að tjá tilfinningar án orða. Leikmyndin var síðan fyrst og fremst hugsuð sem leikmynd sem auðvelt væri að ferðast með og hægt að setja upp í hvaða rými sem er. Við fengum síðan Auði Þórhallsdóttur til liðs við okkur og hún teiknaði fyrir okkur allar fallegu myndirnar sem skreyta leikmyndina,“ útskýrir Júlianna Lára.

Mikil áhersla var lögð á að nýta það sem til var og hófst ferlið með því að farið var í gegnum geymslurnar.

„Ég safnaði saman öllu sem ég gat mögulega nýtt úr geymslum Dansflokksins, til dæmis eru fjaðrirnar á svanimum úr blævængjum úr verki sem ég gerði fyrir flokkinn fyrir nokkrum árum og sjórinur úr gömlum samkvæmiskjólum. Boðskapur verksins er einmitt að vera ánægður með sjálfan sig og það sem maður hefur.“ ■



# Kraftmikill 100% rafbíll.

Með allt að 452 km drægi.



Movement that inspires

Nýr e-Soul hefur nú verið endurhannaður að utan sem innan, með fyrsta flokks tæknibúnaði og einstaklega góðu aðgengi. Nýr og öflugur 204 hestafla rafmótor tryggir umhverfisvænan akstur með drægni allt að 452 km.

Það er opið í dag frá kl. 12-16 hjá Kia á Krókhálsi 13.

Kíktu við eða pantaðu reynsluakstur á [kia.is](http://kia.is) eða í síma 590 2100. Við tökum vel á móti þér.

Kia e-Soul á verði frá:

**4.990.777 kr.**

e-Soul Urban, 39 kWh, 136 hÖ. með 277 km drægi.

Ríkulegur staðalbúnaður m.a. 17" álfelgur, hiti í framsætum og stýri, skynrænn hraðastillir, bakkmyndavél, fullkominn upplýsingaskjár.



## Lífið í vikunni

09.05.21  
15.05.21

### Stuttmynd um geðveiki

Garpur Ingason Elísabetarson er tilbúinn með handritið að stuttmyndinni *Mamma mín*, geðsjúklingurinn og vonast til þess að geta byrjað tökum með haustinu. Handritið byggir hann á eigin reynslu af því að alast upp hjá geðveikri móður. Hann telur enn mikilvægt að segja slíkar sögur þar sem þær geti vonandi varpað ljósi á umræðuna um geðsjúkdóma.



### Laglínurnar koma fyrst

Tónlistarkonan Rakel Sigurðardóttir gaf nýlega út stuttskífuna *Nothing ever changes*. Hún hefur mikið spilað með öðrum í gegnum tíðina en segist hafa verið örlítið smeyk við að gefa út eigið efni. Fjögur lög eru á plötunni og lagið *Ég var að spá*, sem hún tekur með JóaPé og CeaseTone hefur fengið mikið lof.



### Hinsegin veruleiki

Bækurnar Merki eftir Sólveigu Johnsen og *Dagbókin* eftir Önnu Stínu Gunnarsdóttur eru komnar út, en báðar fjalla þær um raunveruleika hinsegin kvenna.

### Herjólfssdalur lifnar við

Eyjamenn tilkynntu í gær að Þjóðhátíð verði haldin um verslunarmannahelgina. Hörður Orri Grétarsson, formaður Þjóðhátíðarnefndar, gerir allt eins ráð fyrir að Herjólfssdalur kjafstfyllist eftir súrt messufallið í fyrra.



# Martröð í vatteruðu herbergi

Fyrsta skáldsaga aktívistans Sigurbjargar A. Sæm. fjallar um meðfædda sektarkennd kvenna, ofbeldismenningu og geðveiki. Hún ætlar að reyna að þyrlla upp Moldviðri með hópþjármögnun á Karolínafund.

toti@frettabladid.is

„Mig hefur alltaf langað svolítið til að skrifa skáldsögu en á einhvern veginn miklu auðveldara með þennan knappa stíl ljóðsins, en þar sem mér fannst ég þurfa að segja svo mikið þá varð þetta að þessari skáldsögu,“ segir Sigurbjörg, sem hefur áður gefið út ljóðabækurnar *Mjálms* og *Tileinkanir*.

Hún segir Moldviðri í raun hafa byrjað sem langt ljóð þangað til hún hafi rekið sig á að formið væri í raun of þröngt. „Ég hef alltaf skrifað mikið af ljóðum og þetta var óvenjuleg tilfinning fyrir mig að geta ekki sagt allt sem ég vil segja í einu ljóði. Þannig að ég skrifaði aðeins utan um þetta og þá varð þetta að nokkurs konar ljóðabálki sem varð svo miklu meira eins og saga heldur en ljóð.“

### Formlaust frelsi

Sigurbjörg skildi fyrir nokkrum árum eftir nokkurra ára ofbeldissamband og skipti um umhverfi með „helling af áfallastreitu í farteskinu“, eins og hún orðar það. Hún segist hafa verið lengi að koma sér aftur í sköpunargírinn. „Síðan gerðist bara eitthvað eitt kvöldið þegar ég opnaði af rælni skjalid með Moldviðri og ég skrifaði taum-

laus alla nóttina og innan nokkurra vikna voru komnar 120 blaðsíður.“

Sigurbjörgu finnst þessi frumskrif hafa virkað sem einhvers konar kaþarsis, andleg hreinsun, fyrir hana, þegar hún tókst á við reynslu sína í texta, en þegar hún opnaði Moldviðri þetta kvöld segir hún það hafa verið einhvers konar ljóðasmásöguverk, sem smátt og smátt mótaðist í frumdrög þess sem hún ákvað að gera að sinni fyrstu skáldsögu.

Ljóðskáldið segist aðspurð óneitanlega hafa upplifað ákveðið frelsi í formleysi skáldsögunnar. „Það má alveg segja að þetta sé svona ákveðið frelsi eða þannig. Þótt það sé auðvitað form í þessu líka.“

### Snarfemínismi

Sigurbjörg hlær þegar hún segir söguna vera snarfemíniska. „Já, hún er það sko. Þetta er ekkert skrifað sem einhver femínísk ritgerð eða sem eitthvert manifestó eða neitt svoleiðis.“ Þetta komi einfaldlega til vegna þess að hún er að skrifa um konur.

„Þetta ljóð byrjaði í rauninni á því að mig langaði að segja sögu kvenna sem standa mér nálægt og hafa upplifað skít og alls konar og hafa risið einhvern veginn upp úr því. Eins klisjukennt og það hljómar þá varð þetta í rauninni þannig að einhvers konar femínísku verki.“

Sigurbjörg segist ekki einu sinni hafa áttað sig sjálf á þessu, heldur manneskja sem las frumdrög verksins yfir fyrir hana. „Já, þú ert að skrifa svona femínísku glæpasögu,“ sagði hún. Þannig að auðvitað kemur rödd höfundarins alltaf ein-



Sigurbjörg A. Sæm. er loksins að verða tilbúin til þess að gefa Moldviðri út, eftir að hafa unnið að henni um langt árabíll. MYND/MARÍA GUÐRÚN RÚNARSDÓTTIR



Þetta er ekki beinlínis þessi venjulegi fangaklefi og hann kemur í raun upp úr martröð sem mig dreymdi.

hvern veginn inn í það sem maður skrifar og ég er feministi og þá einhvern veginn kemur það bragð inn.“

### Hver er glæpurinn?

Sigurbjörg segir Moldviðri þó engan veginn geta flokkast til hefðbundinna glæpasagna. Þetta sé engin morðgáta og á henni er helst að skilja að saga aðalpersónunnar

sé einhvers konar martröð í anda Kafka.

„Söguhetjan heitir María og hún er ég, hún er þú, hún er hin og hún er við allar,“ segir Sigurbjörg um persónuna sem vaknar í vatteruðu, gluggalausum herbergi og kemst í framhaldinu að því að hún hefur framið hrottalegan glæp. Fanga-verðirnir, sem virðast hafa vakta-skipti á korters fresti, segja þó ekki samræmast lögum ríkisins að upplýsa hana frekar um hvers eðlis glæpurinn er.

„Í upphafi er hún rosalega sek í sér, sem er eitthvað sem ég held að margar konur, margar konur sem ég þekki, skilja. Það er þessi sektarkennd. Að maður haldi alltaf að maður sé sekur. Síðan kemur alltaf meira og meira í ljós hver glæpurinn er og hversu langt hún þarf að fara til þess að afsanna sinn hlut.“

### Vatteruð martröð

Vatteraði fangaklefinn á sér djúpar rætur. „Þetta er ekki beinlínis þessi venjulegi fangaklefi og hann kemur í raun upp úr martröð sem mig dreymdi oft þegar ég var krakki og fannst ég vera föst í vatteruðu herbergi.“

Þessi klefi er eitt af því sem skilar sér úr upprunalega ljóðinu í skáldsögunna. Ég get séð hann svo ljóslifandi fyrir mér og vona að mér takist að koma því til skila í textanum.“ Sigurbjörg hefur unnið að skáldsögunni í ýmsum formum, eftir að hafa fyrst stigið inn í Moldviðri 2014 og það stýttist í að hún treysti sér til þess að gefa verkið út. Hún freistar þess nú að safna fyrir kostnaði útgáfunnar með hópþjármögnun á Karolínafund.com.


„Ég ákvað eftir smá umhugsun að gera þetta, meðal annars vegna þess að mig vantar yfirlestur. Ég er bara búin að fá vini og vandamenn til að lesa yfir og vinir manns eru oft af næs. Þannig að nú þarf ég að fá fagfólk. Þá vantar fjármagn og ég ákvað bara að kýla á söfnun.“ ■

# MÁL TÆKNI BYLTINGIN

Stafræn nýsköpun  
íslenskunnar

Taktu þátt í opinni rafrænni ráðstefnu um íslensku máltækniþynguna þriðjudaginn 18. maí

Í beinni útsendingu á vef RÚV



Nánari upplýsingar: [www.almannaromur.is](http://www.almannaromur.is)

ALMANNARÓMUR






TE & KAFFI



# Við erum nær náttúrunni

NÚ ERU ALLAR UMBÚÐIR TE & KAFFI VISTVÆNAR

Við erum stolt af vistvænni vegferð og höldum ótrauð áfram í átt að grænni framtíð.





**20%**  
afsláttur  
Öll blá BOSCH  
rafmagnsverkfæri

**Tilboðsverð**

**Rafhlöðuborvél**

Bosch GSB 18V-60 C 2X4,0Ah rafhlöðuborvél með höggi. Mjög nett, létt en öflug borvél. 2 girar 0-600 og 0-1900 sn/min Hersla hámark 60Nm. Kolalaus Heavy Duty mótór sem gefur lengri rafhlöðuendingu og hámarks afköst. Hleðslutæki, tvær rafhlöður 4,0 Ah og L-box fylgja með.

**63.996**

748740995

Almennt verð: 79.995



**BOSCH**

**Tilboðsverð**

**Handhefill**

GH0 12V-20 Solo  
- án rafhlöðu.

**35.996**

74874061

Almennt verð: 44.995



**20%**



**Tilboðsverð**

**Slípirokkur**

GWS 12V-76 SOLO  
- án rafhlöðu

**20.396**

74874062

Almennt verð: 25.495

**20%**



**NAPOLEON**

Kilóvött / Brenningar  
**13,5 / 2**

**Gasgrill**

**ROGUE** 365 RPG. Napoleon grill með tveimur aðal-brennurum og kraft upp á 13,5kw. Ytra byrði grillsins, grillgrindur, brennaraskildir og brenningar er allt úr ryðfríu stáli. Grillflötur er 46x51cm.

**Nýtt í BYKO**

**83.995**

506600047

**BOSCH**

**Tilboðsverð**

**Háprýstidæla**

Easy Aquatak 110 bör,  
330 l/klst, 3,8 kg.

**17.972**

74810232

Almennt verð: 22.465



**20%**

**BOSCH**

**Tilboðsverð**

**Háprýstidæla**

Universal AQU 130 bör,  
380 l/klst, 7,8 kg.

**26.956**

74810238

Almennt verð: 33.695



**20%**



**Nýtt í BYKO**

**Ooni gas pizzaofn**

500°C hiti á 20 mínútum. Hægt að baka allt að 12" pizzur í ofninum. Bara að tengja hann við gas og hann tilbúinn til notkunar.

**64.995**

4998024545

**Tilboðsverð**

**Grasfræ**

Ornamental mix.  
Fyrir lágvaxna grasflöt.  
Góður bati eftir slit og skemmdir. 1kg dugar ca 30-40m<sup>2</sup>

**1.516**

55092196

Almennt verð: 1.895



**20%**

**Tilboðsverð**

**Grasfræ**

Grassfix. Er í senn bæði fræ og áburður, heildræn lausn í einum pakka sem örvar grasið til endurnýjunar og áframhaldandi vaxtar til framtíðar.

**1.516**

55092197

Almennt verð: 1.895



**20%**

**Tilboðsverð**

**Mosaeyðir**

Kemur í veg fyrir mosa í lóðum og mosa og þörungavöxt á öðru yfirborði. Hættulaust fyrir börn og dýr þegar yfirborð er orðið þurr

**2.716**

55097073

Almennt verð: 3.395



**20%**





### Reiðhjól 26"

26" götureiðhjól sem hentar vel til hjólreiða innanbæjar. 6 gírar Shimano. V-handbrensur, kemur með bögglaðera, brettum og körfu.

**28.995**

49620201



# Hjólin eru komin!

Allir vinningar á [byko.is/sumarleikur](http://byko.is/sumarleikur)

Vertu með!

# SUMARLEIKUR

Allir þeir sem eru þegar skráðir á póstlista BYKO eða skrá sig á [www.byko.is/postlistar](http://www.byko.is/postlistar) á tímabilinu 22. apríl til 13. ágúst taka sjálfkrafa þátt í leiknum og geta átt von á vinningi. Dregið er vikulega út á föstudögum frá 11. júní til 13. ágúst. Vinningshafar eru kynntir á Facebooksíðu BYKO.



### Fjallahjól 24"

Northwood Z245. Hjólástellið er úr áli og því mjög létt. Demparar að framan og aftan, 21 gíra "Micro Swift Twist" skipting, stillanlegur hnakkur og fram og aftur handbrensur.



24"

**34.995**

49620156



### Fjallahjól 24"

Shogun Rock Mountain. Sterkbyggt fjallahjól með 21 gíra skiptingu og dempara að framan og aftan.



24"

**47.995**

49620149



### BMX hjól 20"

Sterkbyggt 20" BMX úr álblöndu með fram og aftur fóthvílum. Caliper fram og aftur brensur.



20"

**34.995**

49620145



### Götu hjól

700C M Crosstour. Götu hjól með fram og afturbretti, bögglaðera og 21 gíra micro shift twist skiptir.



**68.995**

49620153



### Barnahjól 12"

Barnahjól með hjálpardekkjum og fótbrensu. Hvít dekk með bleikum felgum og keðjuhlíf. Auðvelt er að taka hjálpardekkkin af.



12"

**21.995**

49620143



### Fjallahjól 26"

Sterkbyggt barnahjól með 21 gíra skiptingu og dempara að framan og aftan.



26"

**52.995**

49620150

Hjólbörur 80l.

**5.495**

79290094



Garðkanna

11 l. með úðastút.

**1.495**

41613316

Gróðurmold

40 lítrar.

**1.395**

55097006



# BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN



550 5000

RITSTJÓRN  
ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGAÐEILD  
auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN  
Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf.  
dreifing@postdreifing.is

## Bakþankar

Margrétar  
Kristmannsdóttur



## Plastblóm og bubblur

Sennilega hafa landsmenn ekki beðið með jafn mikilli óþreyju eftir neinu sumri og sumrinu 2021. Erfiður Covid vetur er að baki og nú þegar bóluþefni ólgar um líkama æ fleiri landsmanna eykst bjartsýnin og Íslendingar iða í skinninu. Við erum eins og kýr sem hleypt er út að vori – erum tilbúin að hlaupa í allar áttir!

Og ekki í lengri tíma hefur vorveðrið leikið við okkur eins og undanfarnar vikur – ekki síst hér suðvestanlands. Það hefur vart verið skýhnoðri á himni og sólin hefur skartað sínu fegursta frá morgni til kvölds. Lofthitinn er reyndar enginn og enn er næturfröst en eftir innilokun í rúmt ár er þráin eftir útiveru og sól skynsem-inni yfirsterkari.

Og þessa einmunabliðu hafa hjón á miðjum aldri nýtt vel og nú þegar maí er rétt hálfnaður er allt klárt utandyra – nýtt met slegið á heimilinu. Það er búið að háþrýstjþvo pallinn, bera á allt tréverkið, klippa gróður, þrifa glugga og hús og draga fram garðhúsgögnin. Meira að segja plastblómin í allri sinni litadýrð eru komin í kerin allt í kringum húsið. (Ekki orð um plastblómin – fullreynt er að pistlahöfundur geti haldið lifi í lifandi blómum).

Að loknu góðu dagsverki hefur síðan fátta verið yndislegra en að setjast í skjól undir húsvegg og kveikja á hitalampa þannig að hægt sé að fara úr dúnúlpunni og fjarlægja lopahúfu og vettlinga. Í sam-einingu sjá sólin og hitalampinn til þess að viðveran utandyra verður bærileg – en það er þessi fyrirboði í sólinni og logninu sem keyrir upp stemninguna og væntingar um betri tíð. Það sjá allir garðinn fyrir sér iðandi af lifi í sumar – grill og bubblur.

Nú má veðrið bara ekki bregðast okkur! ■



IKEA 365+  
kælikubbur  
395,-



Nýtt SOMMARDRÖM  
servíettur 295,-/30 í pk.



ISTAD pokar  
345,-/60 í setti



Nýtt  
1.990,-  
SOMMARDRÖM  
kælitaska



FÖRNUFT gafflar  
395,-/4 í pk.



ISTAD pokar  
495,-/50 í setti

## Mitt eigið ferðalag

Á góðviðrisdegi er tilvalið að útbúa nesti og njóta dagsins úti við með allri fjölskyldunni; hvort sem þið farið í útilegu yfir helgina, góða gönguferð eða eigið dagsstund í notalegu rjóðri í nágrenninu. Vegalengdin er ekki aðalatriðið því mögnuð náttúra bíður ykkar rétt utan við garðshornið. Hjá okkur finnur þú breitt úrval af hagkvæmum vörum sem eru nauðsynlegar í ferðalagið. Komdu og skoðuðu úrvalið, við tökum vel á móti þér!



HÄLSA  
hitabrusi  
895,-

1.990,-  
UTRUSTNING  
hitabrusi úr stáli



Nýtt  
FJÄLLMOTT  
ferðateppi  
3.290,-



Nýtt  
1.690,-  
STARTTID bakpoki



ENEBY Bluetooth-  
ferðahátalarar 3.290,-/stk.



EFTERFRÅGAD  
hitalát fyrir mat  
1.790,-



IKEA 365+ matarilát  
með loki 295,-



Nýtt VÄRLDENS  
íþróttafaski 1.690,-



Nýtt SOMMARDRÖM  
bakpoki 3.990,-



DRÖMSÄCK helgartaska 7.990,-



Nýtt  
795,-  
POLARVIDE teppi

### VEITINGASTAÐURINN

Á matseðli í maí

Kjúklingalæri  
með frönskum  
og hrásalati

995,-



Fiskisþjót  
með bakaðri sætri  
kartöflu, maísstöngli  
og hvítlaukssósu

995,-



Verslun opin 11-20 - IKEA.is - Veitingasvið opið 10:30-20



SUMARFRÍ

4 VIKUR

20 kr.  
AFSLATTUR

Skráðu þig á orkan.is

